HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST – FÉLAGSVÍSINDADEILD

VORMISSERI 2013

Hafa íslenskir kjólameistarar sniðið sér stakk eftir vexti?

Lokaverkefni til MA prófs í menningarstjórnun

Höfundur: Ólöf Björg Kristjánsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Karl Aspelund

Útdráttur

Markmiðið með þessari rannsókn var að komast að því hvað réði helst vali fólks þegar það ákvað að stunda nám í kjólasaumi. Einkum var horft til þess að skoða hvort fólk legði stund á þetta nám því það hefði brennandi áhuga á að skapa og stunda verknám, eða hvort þættir eins og atvinnu og tekjumöguleikar, að námi loknu, hefðu frekar áhrif á námsvalið. Einnig var lögð áhersla á að greina hvort útskrifaðir meistarar og sveinar væru að starfa við iðn sína og viðhorf þeirra til gæða námsins voru metin.

Þýðið í þessari rannsókn var tæplega tvö hundruð manns og var rafræn spurningakönnun lögð fyrir þýðið dagana 27.mars – 3. apríl 2012 og einnig voru viðtöl tekin við átta einstaklinga. Með viðtölunum var hægt að ná fram persónulegum skoðunum einstaklinga sem ekki er hægt að greina með spurningalistum eingöngu. Notast var við lýsandi tölfræði og krosskeyrslur þegar niðurstöður úr spurningkönnuninni voru greindar.

Helstu niðurstöður sýna að flestir velja að stunda þetta nám vegna þess að þeir hafa áhuga fyrir því að skapa og vinna með höndunum. Þátttakendur telja gæði í verklega hluta námsins vera mikil en bæta þurfi vinnustaðaþjálfun. Rúmlega helmingur svarenda starfar við iðnina en 43,5% svarenda starfa ekki við hana. Flestir þeirra sem ekki starfa við iðnina hafa lokið öðru óskyldu námi. 33% svarenda hafa lokið iðnmeistararéttindum. Einungis lítill hluti af þeim kjólameisturum sem svöruðu könnuninni eru sjálfstætt starfandi. Hluti þeirra sem eru sjálfstætt starfandi eru einungis í hlutastarfi. Nokkuð er um að kjólameistarar hafi einnig kennsluréttindi og starfi við kennslu.

Lykilorð: Kjólameistari, sveinn í kjólasaumi, meistarabréf, sveinsbréf, sniðagerð, fagmennska.

Abstract

The aim of this study was to determine what motivated people to study dressmaking. In particular, the study aimed to identify whether people choose this course of study because of a burning interest in creating and conducting vocational training, or whether factors such as ease of employment and earnings, after graduation, would have a larger impact on students choice. Emphasis was also placed on identifying whether graduates were working in their craft. Finally, their perceptions of the quality of the program were evaluated.

The study considered a population of two hundred people. An electronic quantitative questionnaire was submitted between March 27th and – April 3rd of 2012. In addition, eight individuals were interviewed. The qualitative approach detailed the research as it gave personal aspects, not possible to define by a questionnarie only. Descriptive statistics and cross-runs were used to analyze the survey results.

The main results show that most people choose this path because they are interested in creating and working with their hands. Participants consider the quality of the practical part of the program to be high but workplace training needs to be improved. 43,5% of respondents do not work within the field of dressmaking. Only 33% of respondents have a dressmaking master certificate. An unexpected result was finding how many people have completed other unrelated studies.

Only a few dressmakers were found to be self employed and many work only part-time. The main explanation for the findings may be that many dressmakers work in unrelated fields with a higher income, using their other studies. Others qualify to teach dressmaking and practice teaching.

Key words: Dressmaker, dressmaking master certificate, journeyman, pattern making, professionalism.

Þakkir

Rannsakandi þakkar þeim kjólameisturum og sveinum sem þátt tóku í rannsókninni fyrir þeirra framlag. Án þeirra samvinnu hefði þessi rannsókn aldrei orðið að veruleika.

Leiðbeinandi minn, Dr. Karl Aspelund hlýtur bestu þakkir fyrir frábæra leiðsögn og hvatningu. Ólafur Grétar Kristjánsson, sérfræðingur, í Mennta- og menningarmála-ráðuneytinu fær einnig bestu þakkir fyrir skjót viðbrögð við beiðnum rannsakanda um upplýsingar úr gagnagrunni ráðuneytisins.

Rannsakandi þakkar foreldrum sínum þeim Helgu S. Pétursdóttur og Kristjáni A. Jónssyni, fyrir stuðning og hvatningu á öllum námsstigum í gegnum árin. Jafnframt fyrir barnapössun og yfirlestur verkefnisins.

Börnum sínum, þeim Eiði Má og Hólmfríði Báru, þakkar rannsakandi fyrir þolinmæðina og skilninginn sem þau sýndu mömmu sinni meðan á þessari vinnu stóð. Eiginmaðurinn, Magnús Brynjarsson, fær einnig bestu þakkir fyrir veittan stuðning og skilning á þessari vinnu.

Efnisyfirlit

Útdráttur 1
Abstract 2
Þakkir 3
Myndaskrá 6
Töfluskrá 7
1 Inngangur 8
1.1 Lýsing á verkefni 8
1.2 Rannsóknarmarkmið og rannsóknarspurningar 9
1.3 Yfirlit yfir rannsóknaraðferðir 10
1.4 Fræðigrunnur og nýmæli 11
1.5 Uppbygging rannsóknar 11
2 Fræðilegur bakgrunnur kjólameistara 13
2.1 Skilgreiningar á fataiðngreinum 13
2.1.1 Kjólameistari 13
2.1.2 Klæðskerameistari 14
2.1.3 Dömuklæðskeri 14
2.1.4 Fatahönnuðir 15
2.2 Þróun menntunar í fataiðngreinum. 16
2.2.1 Upphaf formlegrar menntunar á Íslandi 16
2.2.2 Lög um iðnnám og iðnréttindi 17
2.2.3 Hlutverk iðnmeistara og iðnskóla á síðustu öld 19
2.2.4 Fataiðndeild Iðnskólans í Reykjavík 20
2.2.5 Frumkvöðlarnir 21
2.2.6 Frumkvöðlar og lífsform (Habitus) 23
2.2.7 Samspil menningar og menntunar 25
2.3 Staða fataiðngreina í íslensku menntakerfi 27
2.3.1 Námstilhögun árið 2013 28
2.3.2 Er breytinga þörf? 29
2.4 Tengdar rannsóknir 30
2.4.1 Helstu niðurstöður um viðhorf fagfólks í hársnyrtigreinum 30
2.4.2 Helstu niðurstöður um viðhorf fagfólks í málm- og véltæknigreinum 31

3 Aðferðafræði rannsóknar ... 33
3.1 Þátttakendur rannsóknar og gagnaöflun ... 34
3.2 Rannsóknaraðferð ... 34
3.3 Uppbygging og form spurningakönnunar og viðtala ... 36
3.4 Framkvæmd spurningakönnunar ... 37
3.5 Framkvæmd viðtala ... 38
3.6 Úrvinnsla gagna ... 39
4 Niðurstöður ... 40
4.1 Niðurstöður á myndrænu formi ... 40
4.2 Afstaða iðnmeistara ... 52
4.3 Samantekt niðurstaðna úr spurningakönnun og viðtölum ... 64
4.3.1 Helstu ástæður námsvals ... 64
4.3.2 Væntingar til námsins og atvinnumöguleikar ... 66
4.3.3 Tryggð við iðngreinina ... 68
4.3.4 Þær sem ekki starfa við iðnina ... 70
4.3.5 Helstu orsakir brottfalls úr faginu ... 74
5 Umræður og ályktanir ... 76
5.1 Af hverju þetta nám? ... 76
5.2 Væntingar til námsins ... 79
5.3 Starfsvettvangur kjólameistara og sveina ... 80
5.4 Líf og starf utan iðngreinar ... 82
5.5 Brottfall hvers vegna? ... 83
5.6 Helstu niðurstöður ... 84
5.6.1 Af hverju þetta nám? ... 84
5.6.2 Væntingar til námsins ... 84
5.6.3 Starfsvettvangur kjólameistara og sveina ... 85
5.6.4 Líf og starf utan iðngreinar ... 85
5.6.5 Brottfall hvers vegna? ... 86
6 Lokaorð ... 87
Heimildaskrá ... 89
Viðauki I – Kynningarbréf og spurningakönnun ... 94
Viðauki II – Viðtalsrammi og upplýsingabréf ... 101

Myndaskrá

Mynd 1: Hvert er fæðingarár þitt? (Sp. 1) 40
Mynd 2: Hvaða ár laukst þú sveinsprófi í kjólasaumi? (Sp.2) 41
Mynd 3: Ert þú handhafi meistarabréfs? (Sp. 3) 41
Mynd 4: Hver var helsta ástæða þess að þú ert ekki handhafi meistarabréfs? (Sp. 4) 42
Mynd 5: Hver var helsta ástæða þess að þetta nám var valið? (Sp. 5) 43
Mynd 6: Verkleg kennsla í handverki (Sp. 6A) 44
Mynd 7: Kennsla í sniðagerð (Sp. 6B) 44
Mynd 8: Kennsla í stærðarbreytingum sniða (Sp. 6C) 45
Mynd 9: Bókleg kennsla (Sp. 6D) 46
Mynd 10: Vinnustaðaþjálfun (Sp. 6E) 46
Mynd 11: Hvaða prófgráðu hefur þú lokið? (Sp. 7) 47
Mynd 12: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með þessu námi? (Sp. 8) 48
Mynd 13: Að námi loknu tel ég að atvinnumöguleikar mínir, í faginu, hafi verið: (Sp. 10) .. 48
Mynd 14: Starfar þú við iðn þína í dag? (sp. 11) 49
Mynd 15: Hver er ástæða þess að þú starfar ekki við iðn þína í dag? (Sp. 12) 50
Mynd 16: Hversu löng er vinnuvika þín ? (Sp. 13) 51
Mynd 17: Hversu lengi hefur þú starfað við iðn þína? (Sp. 14) 51
Mynd 18: Handhafar meistarabréfa m.v. útskriftarár (Sp. 2 vs. Sp. 3) 53
Mynd 19: Fjöldi meistarabréfa m.v. ástæðu fyrir vali náms (Sp. 5 vs. Sp. 3) 54
Mynd 20: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða verklegrar kennslu 55
Mynd 21: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða kennslu í sniðagerð 55
Mynd 22: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða kennslu í stærðabreytingum sniða (Sp. 6C vs. Sp. 3) 56
Mynd 23: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða bóklegrar kennslu 56
Mynd 24: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða vinnustaðaþjálfunar 57
Mynd 25: Mæla iðnmeistarar með náminu? (Sp. 8 vs. sp.3) 57
Mynd 26: Afstaða meistara til atvinnumöguleika í faginu. (Sp. 10 vs sp. 3) 58
Mynd 27: Samanburður á iðnmeisturum og sveinum sem eru starfandi við iðnina 59
Mynd 28: Lengd vinnuviku eftir stöðu á vinnumarkaði. (Sp. 13. vs sp. 11 a,b og c) 60
Mynd 29: Samanburður á starfsaldri og sjálfstætt starfandi. (Sp. 14 vs sp. 11a) 61
Mynd 30: Samanburður á heildartekjuöflun heimilisins. (Sp. 18 vs sp.11a, b,og c) 62

Mynd 31: Fjöldi í heimili hjá sjálfstætt starfandi. (Sp. 16 vs sp. 11) *63*
Mynd 32: Fjöldi barna undir 18 ára í heimili hjá þeim sem eru sjálfstætt starfandi. *63*
Mynd 33: Samanburður á þeim sem starfa í greininni og þeim sem lokið hafa öðru námi á háskólastigi (Sp. 2 vs sp. 7 og sp. 11) *72*

Töfluskrá

Tafla 1: Starfandi kjólameistarar og sveinar og samanburðarhópar *66*
Tafla 2: Hversu líklegir eru kjólameistarar og sveinar vs. samanburðarhópa til að mæla með iðngreininni? *70*
Tafla 3: Nám sem viðmælendur rannsakanda eiga að baki *71*
Tafla 4: Samanburður á námi sem kjólameistarar og sveinar hafa lokið vs. viðmiðunarhópa *74*

1 Inngangur

Í þessum kafla verður verkefnið kynnt. Rannsóknarspurningar settar fram og gerð grein fyrir helstu markmiðum þessarar rannsóknar.

1.1 Lýsing á verkefni

Fyrir rúmum tuttugu árum lauk höfundur sveinsprófi í kjólasaumi og hlaut meistarréttindi í iðngreininni skömmu síðar. Kjólasaumur hefur verið viðurkenndur sem löggild iðngrein á Íslandi frá því fyrir miðja síðustu öld.

Frá árinu 1977 hefur námið verið kennt alfarið við Iðnskólann í Reykjavík, nú Tækniskólann, og hafa að meðaltali 4 – 6 nemendur útskrifast árlega. Á undangengnum fjörtíu árum hafa 195 nemendur staðist sveinspróf í kjólasaumi og liðlega helmingur þessara nemenda einnig uppfyllt skilyrði til að hljóta meistarabréf í iðninni.

Í þessu meistaraverkefni var skoðað hvernig nemendur sem útskrifast hafa með sveins og eða meistararéttindi í kjólasaumi frá Iðnskólanum í Reykjavík, nú Tækniskólanum, á árunum frá 1971-2011 hafa nýtt nám sitt. Að auki var leitast við að safna upplýsingum um það hvað upphaflega réði námsvali þessa fólks og hverjir helstu áhrifavaldarnir hafa verið hjá þeim sem horfið hafa til annarra starfa.

Í huga rannsakanda er tilgangurinn með þessu verkefni einskonar „Óður til iðngreinarinnar“. Eins og áður hefur verið greint frá er rannsakandinn handhafi meistarabréfs. Á bréfi þessu stendur orðrétt:

Ólöf Björg Kristjánsdóttir kt. 191265-3359 hlýtur hér með nafnbótina meistari í kjólasaumi og þar með rétt til að reka sjálfstæða atvinnustarfsemi í iðngreininni og, að lögmætum skilyrðum uppfylltum, að taka nemendur í henni.

Bréfi þessu fylgja því vissulega bæði réttindi og skyldur. Þrátt fyrir það að kjólasaumur hafi verið löggild iðngrein á Íslandi um áratuga skeið hefur engin rannsókn verið gerð á því ennþá

hversu hátt hlutfall réttindafólks starfar við iðn sína né heldur hvað verður um þá sem hverfa til annarra starfa.

Hérlendis hefur engin sambærileg rannsókn verið framkvæmd áður fyrir þessa iðngrein og því hvorki til tölulegar upplýsingar, né samantekt, á því hvað orðið hefur um þá sem lagt hafa stund á kjólasaum. IÐAN fræðslusetur lét framkvæma könnun, í lok árs 2011, á meðal fagfólks í; prentiðnaði, byggingariðnaði, málm- og véltækniiðnaði, hársnyrtiiðn, matvæla- og veitingagreinum og bílgreinum. Könnuninni var ætlað að varpa ljósi á ímynd iðnaðar, starfsánægju og sjálfsmynd fagfólks í iðnaði.[1] Niðurstöður úr hársnyrtiiðn og málm- og véltækniiðnaði verða hér notaðar til samanburðar og skoðað hvað upphaflega réði námsvali og hversu hátt hlutfall þeirra sem ljúka námi hafa haldist starfandi við iðngrein sína.

Þessi rannsókn er nýmæli því nú eru í fyrsta sinn settar fram tölulegar upplýsingar um það hversu hátt hlutfall kjólameistara og sveina starfa við iðngrein sína. Að auki var upplýsingum safnað um hvað upphaflega réði námsvali þessa fólks og hverjir helstu áhrifavaldarnir hafa verið hjá þeim sem horfið hafa til annarra starfa.

Rannsóknin hefur því bæði fræðilegt og hagnýtt gildi, ekki einungis fyrir viðkomandi iðngrein, heldur einnig fyrir þá sem standa að námskrárgerð og skipulagningu skólastarfs á framhaldsskólastigi.

Rannsóknin mun án vafa verða kveikja að frekari rannsóknum þar sem niðurstöður þessarar rannsóknar varpa ljósi á áður ókannaðar slóðir. Það er því ósk höfundar að þessi vinna megi verða til þess að vekja athygli á og efla iðngreinina.

Eins og staðan er nú virðist algengt að fólk setji kjólasaum, klæðskurð og fatahönnunarnám allt undir sama hattinn án þess að hafa hugmynd um að tvær hinna fyrst nefndu eru iðngreinar.

1.2 Rannsóknarmarkmið og rannsóknarspurningar

Markmiðið með rannsókninni var að komast að því hversu hátt hlutfall kjólameistara og sveina starfar við iðn sína. Hvað fékk fólk upphaflega til að velja þetta nám og hvort námið

[1] http://idan.is/um-okkur

stóðst væntingar með tilliti til atvinnumöguleika. Jafnframt er skoðað inn á hvaða brautir atvinnulífsins fólk hefur leiðst ef það starfar ekki við iðn sína og hversu mikil áhrif önnur menntun hefur haft á val viðkomandi.

Eftirfarandi spurningar voru hafðar að leiðarljósi við rannsóknina.

Hvað fær fólk til að stunda nám í kjólasaumi og hvernig nýta kjólameistarar og sveinar nám sitt?

- *Hverjar voru helstu ástæður þess að þetta nám var valið?*
- *Að hve miklu leyti stóðst námið væntingar sem gerðar voru til þess í upphafi með tilliti til atvinnumöguleika?*
- *Hvað aðhafast meistarar og sveinar 40, 30, 20, 10 árum eftir nám?*
- *Hvað verður um þá sem ekki vinna við fagið?*
- *Hverjar eru helstu orsakir brottfalls úr faginu?*

1.3 Yfirlit yfir rannsóknaraðferðir

Til að fá svör við rannsóknarspurningunum var bæði beitt megindlegum og eigindlegum aðferðum. Megindleg spurningakönnun var lögð fyrir allt þýðið. Spurningakönnunin var á rafrænu formi útbúin í *Lime Survey* spurningaforritinu. Svörin voru síðan flutt yfir í *PSPP* greiningarforritið og *Microsoft Excel* töflureikni. Niðurstöður voru settar fram með lýsandi tölfræði og krosskeyrslum.

Átta einstaklingar úr þýðinu veittu einnig einstaklingsviðtöl. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð og greind með hjálp *NVIVO* forritsins, stuðst var við þemagreiningu. Niðurstöður úr viðtölunum voru notaðar til frekari greiningar þannig að bæði orðræða og tölfræði fóru saman.

1.4 Fræðigrunnur og nýmæli

Þrátt fyrir mikla aukningu í rannsóknum á flestum sviðum, hefur enn sem komið er engum dottið til hugar eða haft áhuga fyrir að kanna, með skipulögðum hætti, hagi íslenskra kjólameistara og sveina. Rannsóknin er því nýmæli og hefur því mikið fræðilegt gildi fyrir stéttina og alla þá sem koma á einhvern hátt að menntunarmálum hennar.

Til að nálgast viðfangsefnið var byrjað á því að skýra hvaða nám kjólameistarar hafa að baki. Auk þess sem munur á löggildum fataiðngreinum, kjólasaumi, klæðskurði og dömuklæðskurði er útskýrður og hvað það er sem aðskilur fatahönnuði og iðnmeistara. Til að útskýra þennan mun nýtir höfundur upplýsingar sem fengnar eru af heimasíðu IÐUNNAR fræðsluseturs, í námskrá framhaldsskólanna og af heimasíðu Listaháskóla Íslands.

Til að gera betur grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í fataiðngreinum á Íslandi á síðustu áratugum er þróun iðnmenntunar á Íslandi rakin frá setningu fyrstu, íslensku, laganna um iðnnám og iðnréttindi sem samþykkt voru árið 1893.

Í lögum þessum var karlmannafatasaumur (klæðskeri) skilgreindur sem iðngrein en til að sauma kvenfatnað þurfti ekki að stunda sérhæft nám. Það var fyrst í reglugerð um iðnnám frá árinu 1928 sem saumakonur eru nefndar til sögunnar og prófstykki þeirra skilgreind (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

Rannsakandi leitaði svara við því hvað það er í menningu okkar sem útskýrir mismunandi áherslur á þessum náskyldu greinum. Jafnframt var skoðað hvort og þá hvernig frumkvöðlarnir í faginu mótuðu viðhorf til iðngreinarinnar fyrir þá sem á eftir komu.

1.5 Uppbygging rannsóknar

Verkefnið telst nokkuð hefðbundið. Kafli tvö fjallar um fræðilega hluta verkefnisins. Í kafla 2.1 er fjallað um þær greinar sem teljast til fataiðngreina og helsti munur á þeim skilgreindur. Kafli 2.2 fjallar um þróun menntunar í fataiðngreinum. Þar er einnig sagt frá helstu frumkvöðlum í kjólameistarastéttinni og samspili menningar og menntunar. Kafli 2.3 fjallar

um stöðu fataiðngreina í íslensku menntakerfi. Kafla 2.4 fjallar um niðurstöður úr könnunum sem framkvæmdar voru í lok árs 2011 meðal fagfólks í hársnyrtigreinum og málm- og véltæknigreinum. Niðurstöður þessara kannana verða notaðar við samanburð. Kafli þrjú fjallar um aðferðafræði rannsóknar. Í kafla 3.1 er gerð grein fyrir þátttakendum rannsóknarinnar og gagnaöflun. Kafli 3.2 fjallar um rannsóknaraðferðir og kafli 3.3 lýsir uppbyggingu og rannsóknaraðferðum við spurningakönnun og viðtöl. Í kafla 3.4 er framkvæmd spurningakönnunar lýst. Framkvæmd viðtala er lýst í kafla 3.5 og úrvinnslu gagna í kafla 3.6. Fjórði kaflinn er niðurstöðukaflinn. Í kafla 4.1 eru niðurstöður settar fram á myndrænu formi, í kafla 4.2 er afstaða iðnmeistara skýrð og í kafla 4.3 eru niðurstöður viðtala skoðaðar og greindar í samhengi við niðurstöður spurningakönnunar. Kafli fimm er umræðu og ályktanakafli. Í kafla 5.1 eru helstu ástæður námsvals skoðaðar. Í kafla 5.2 hvort námið hafi staðist væntingar með tilliti til atvinnumöguleika Í kafla 5.3 er skoðað hvað orðið hefur um kjólameistara og sveina út frá því hversu langt er um liðið síðan náminu lauk. Í kafla 5.4 er skoðað hvað orðið hefur um þá sem ekki starfa við fagið og í kafla 5.5 hverjar hafi verið helstu ástæður brottfalls. Í kafla 5.6 eru síðan settar fram í skeytaformi helstu niðurstöður úr fyrrgreindum liðum í kafla fimm. Kafli 6 inniheldur lokaorð.

2 Fræðilegur bakgrunnur kjólameistara

Í þessum kafla verður ljósi varpað á það hvaða nám kjólameistarar hafa að baki. Auk þess sem munur á löggildum fataiðngreinum verður útskýrður og hvað það er sem aðskilur fatahönnuði og iðnmeistara. Þróun menntunar verður einnig rakin og staða greinarinnar í dag. í lok kaflans verður greint frá tengdum rannsóknum sem notaðar verða við samanburð síðar í ritgerðinni.

2.1 Skilgreiningar á fataiðngreinum

Til að auðvelda lesendum að átta sig á námi og starfssviði kjólameistara fara hér á eftir stuttar skilgreiningar á starfssviði kjólameistara, kjólasveina, klæðskerameistara, klæðskerasveina, dömuklæðskera og fatahönnuða.

2.1.1 Kjólameistari

Starf kjólameistara getur verið mjög fjölbreytt og starfsvettvangur þeirra einnig. Kjólameistarar vinna ýmist sem einyrkjar, reka verkstæði (saumastofur), eða sem almennir launþegar. Þeir sem reka saumastofur geta ráðið til sín nema. Kjólameistarar sem starfa sem einyrkjar fást að miklu leyti við sérsaum (kúnnasaum). Þar nýtur sniða- og verkkunnátta þeirra sín einna best. Kjólameistarinn getur útbúið allan kvenfatnað, mikið er um að kjólameistarinn sé fenginn til að gera brúðarkjóla og síðkjóla. Einnig dragtir og raunar allt sem kvenfólki kemur til hugar að klæðast (IÐAN fræðslusetur, Nám og störf, e.d -a).

Þegar kjólameistari sérsaumar á viðskiptavin er byrjað á því að taka nákvæm mál. Málin notar kjólameistarinn síðan til að teikna snið eftir ákveðnu sniðakerfi sem byggir á því að mannslíkamanum er skipt í átta hluta (Bergljót Ólafsdóttir, 1983). Grunnsniðið myndast því úr hlutfallareikningi og er síðan útfært til að mæta óskum og þörfum viðskiptavinarins. Síðan tekur saumaskapurinn við og þá er yfirleitt mátað á viðskiptavininn að minnsta kosti tvisvar til að passa að flíkin falli rétt að líkamanum. Kjólameistarar eru einnig ákjósanlegir starfskraftar á saumastofum leikhúsa og í fataverksmiðjum þar sem sniðakunnátta þeirra nýtist vel við útfærslur á skissuteikningum hönnuða.

Stéttin er sannkölluð kvennastétt en 15. október 2011afhenti rannsakandi, sem jafnframt er formaður sveinsprófsnefndar í kjólasaumi, Kjartani Ágústi Pálssyni sveinsbréf sitt. Hann er fyrsti karlmaðurinn í 55 ár til að öðlast sveinsbréf í kjólasaumi.

2.1.2 Klæðskerameistari

Starfi klæðskerameistara svipar um margt til starfs kjólameistarans, nema hvað klæðskerameistarinn fæst við að sníða og sauma herrafatnað. Eins og aðrir iðnmeistarar geta þeir ráðið til sín nema. Þeir sem sinna sérsaumi vinna eftir svipuðu ferli og kjólameistarar. Snið eru teiknuð eftir nákvæmum málum og þegar saumaskapurinn tekur við er mátað að minnsta kosti tvisvar (IÐAN fræðslusetur, Nám og störf, e.d -b).

Í góðærinu mátti oft heyra auglýsingar þar sem hin ýmsu fyrirtæki státuðu af „klæðskerasaumuðum lausnum“ en þetta er víst eina iðngreinin sem getur með réttu eignað sér þær. Orðið klæðskerameistari er fremur karllægt en ólíkt því sem margir kunna að halda er innan við eitt prósent af þeim klæðskerameisturum sem útskrifast hafa síðastliðin fjörtíu ár karlmenn.

2.1.3 Dömuklæðskeri

Dömuklæðskurður er skilgreindur sem sjálfstæð iðngrein og er náskyldur bæði kjóla og klæðskurði. Einskonar sambland af báðum. Dömuklæðskerar fást við að sníða og sauma kvenfatnað en aðallega þyngri fatnað eins og kápur og dragtir. Kennsla í dömuklæðskurði hefur ekki verið í boði á Íslandi. Þeir sem hafa slíkt próf uppá vasann hafa hlotið sína menntun erlendis og síðan fengið löggildingu hér á landi.

Í inngangi bókarinnar *Fagbog i dameskrædderi*, sem gefin var út í Óðinsvéum, í Danmörku, árið 1941, ritar Hugo Amskov eftirfarandi í formála:

> Aukinn áhugi kvenna á að láta sérsauma á sig fatnað, hefur orðið til þess að kljúfa klæðskerastéttina, klæðskerar sem áður fyrr einskorðuðu sig við að sauma herrafatnað, eru nú einnig farnir að sinna dömuklæðskurði. Með

> þessu hafa þeir útvíkkað starfssvið sitt en samtímis verða kröfurnar meiri um fagleg vinnubrögð...**2** (Amskov, 1941, án bls. tals).

Þegar lesið er á milli línanna þarna er ekki laust við að smá pirrings gæti yfir því að danskt kvenfólk skuli vera farið að gera kröfu um að ganga í klæðskerasaumuðum fatnaði og til að mæta þessum kröfum urðu klæðskerarnir að aðlaga sig að breyttum markaði. Það virðist hafa verið á milli stríðs árunum, sem þessi þróun, varð að konur fóru að ganga í fatnaði úr þykkari efnum sem kölluðu eftir nýjum sniðum, kannski vegna skorts á fínni/þynnri efnum eftir fyrra stríð og hugsanlega vegna þess að konur fóru út á vinnumarkaðinn í seinna stríðinu og klæddust þá jafnvel síðbuxum.

2.1.4 Fatahönnuðir

Sérhæfing fatahönnuða felst aðallega í því að þeir hafa hlotið þjálfun í því að koma hugmyndum sínum á myndrænt form (Listaháskóli Íslands, Hönnunar- og arkitektadeild, e.d -a). Aðallega í formi skissuteikninga. Í fatahönnunarnámi kynnast nemendur lítillega sniðagerð og saumaskap en sérhæfa sig ekki í þeim efnum.

Kjóla- og klæðskerameistarar koma því oft að því að útfæra hugmyndir fatahönnuða t.d með því að gera snið eftir hugmyndum þeirra, en af framangreindu má sjá að áherslurnar í náminu eru ólíkar.

Á Íslandi hefur verið hægt að stunda nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, til BA prófs, frá árinu 2001 (Listaháskóli Íslands, Söguágrip, e.d -b). Fyrir þann tíma voru allir íslenskir fatahönnuðir menntaðir erlendis.

2 Damernes stigende Interesse for skræddersyet Tøj har bevirket, at adskillige Kolleger, der tidligere udelukkende beskæftigede sig med Herreskrædderi, nu er gaaet over til ogsaa at befatte sig med Dameskrædderi. De har herved udvidet deres Arbejdsfelt, men er samtidig blevet stillet overfor større og større Krav om faglig paakrævet... (Amskov, 1941, án bls. tals).

2.2 Þróun menntunar í fataiðngreinum.

Til að gera sér betur grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í fataiðngreinum á Íslandi á síðustu áratugum er nauðsynlegt að skoða fyrst þróun menntunar á Íslandi frá upphafi.

2.2.1 Upphaf formlegrar menntunar á Íslandi

Í grein sem Jón Sigurðsson, frelsishetjan okkar, skrifaði árið 1842 í Ný félagsrit má segja að hann hafi komið fram með fyrstu hugmyndir að Fjölbrautaskólakerfinu (Jón Torfi Jónasson, 1992). Hugmyndir hans urðu þó ekki að veuleika fyrr en 130 árum seinna.
Jón Sigurðsson byggði þessar hugmyndir á fimm grundvallaratriðum. Hann taldi menntun vera forsendu framfara í landinu, hún skyldi vera í boði fyrir alla óháð stétt. Stjórnvöld skyldu bera ábyrgð á menntun. Allir skyldu vera í sameiginlegum skóla svo lengi sem hægt væri og sérgreindir skólar skyldu vera í einni stofnun (Jón Torfi Jónasson, 1992).

Rétt fyrir og eftir aldamótin 1900 var mikil vakning um skólamál almennt og samþykkt voru lög um hina ýmsu sérskóla eins og t.d. Búnaðarskóla, Kvennaskóla, Stýrimannaskóla, Verlsunarskóla og lög um iðnnám og iðnréttindi voru fyrst samþykkt árið 1893 (Helgi Elíasson, 1947).

Með tilkomu Kvennaskólans í Reykjavík, árið 1874, opnaðist nýr heimur fyrir íslenskar ungmeyjar, en fram að þeim tíma höfðu þær ekki átt neinn kost á að komast til mennta, utan fárra embættismannadætra sem fengið höfðu að læra með bræðrum sínum í heimahúsum (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1980). Í framhaldi af þessu vaknaði áhugi, einkum á Norðurlandi, á að koma á fót kvennaskólum enda bjó þorri landsmanna ennþá í sveitum á þessum tíma.
Árið 1879 höfðu þrír kvennaskólar verið stofnsettir á landsbyggðinni í Húnavatnssýslu, Skagafirði og í Eyjafirði. Auk þess að kenna almennar námsgreinar var mikil áhersla lögð á að kenna matreiðslu og handavinnu (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1980).

2.2.2 Lög um iðnnám og iðnréttindi

Í bókinni *Iðnskóli í eina öld Iðnskólinn í Reykjavík 1904 – 2004*, má finna ljósrit af fyrstu lögum um iðnnám frá 16. september 1893 þar segir í 4. grein:

> Það skal greinilega tekið fram í samningnum hvort sá sem annar tekur til kennslu skuli láta honum í té húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað meðan á námstímanum stendur eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum og ef svo er hvernig féið skuli greiða. (Jón Ólafur Ísberg, 2004, bls.265).

Við þennan lestur má berlega greina þá miklu breytingu sem orðið hefur á iðnnámi á þeim tæplega 120 árum sem liðin eru frá því að lög þessi voru sett. Á þessum tíma var enginn iðnskóli á Íslandi og þeir sem vildu nema einhverja iðn gerðu það alfarið undir handleiðslu meistara. Oftar en ekki bjuggu nemarnir á heimili meistara sinna, enda margir hverjir langt að komnir. Þar þáðu þeir fæði og klæði og fylgdu meistara sínum í leik og starfi.
Ísland laut danskri stjórn á þessum tíma og bera lögin þess greinileg merki að vera að danskri fyrirmynd enda byggð á fyrstu dönsku lögunum um iðnnám frá árinu 1889 (Möller, 1991).

Strax árið 1867 höfðu iðnaðarmenn í Reykjavík, sem allir voru menntaðir erlendis, stofnað Handiðnaðarmannafélagið í Reykjavík. (Jón Ólafur Ísberg, 2004). Félagið beytti sér fyrir því strax árið 1869 að koma á fót kvöldskóla fyrir alþýðu og sunnudagaskóla, árið 1873, fyrir þá sem ekki komust í skóla aðra daga. Skólahaldið gekk brösulega í fyrstu og var skólinn starfræktur með hléum allt fram til 1893 þegar fyrstu lögin um iðnnám voru samþykkt. Engu að síður var skólinn til marks um það að iðnaðarmenn gerðu sér strax á þessum tíma grein fyrir því að mennt var máttur í ört vaxandi borgarasamfélagi (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

Iðnskólinn í Reykjavik tók síðan til starfa árið 1904. Skólinn var eingöngu kvöldskóli nemarnir unnu þá hjá meisturum sínum á daginn og mættu síðan í skólann að loknum vinnudegi. Í skólanum voru kenndar bóklegar greinar en þó var frá upphafi mesta áherslan lögð á fagteikningu. Það þótti ekki fært að senda nemanda í sveinspróf sem ekki gat teiknað almennilega skissu af prófstykki sínu (Jón Ólafur Ísberg, 2004).
Lögunum um iðnnám frá 1893 fylgdi einnig reglugerð um próf iðnaðarnemenda og hvernig umsjón með því skyldi háttað (Jón Ólafur Ísberg, 2004). Í þessari reglugerð er einungis minnst á hvernig prófi skraddara skuli háttað en hvergi er minnst á kjólasaumara eða saumakonur.

Þessi staðreynd er til marks um það að á þessum tíma flokkaðist kvenfatasaumur til heimilisiðnaðar. Það að vilja sérhæfa sig í kvenfatasaumi var ekki metið til jafns við karlmannafatasaum. Karlmannafatasaumur var skilgreindur sem iðngrein en til að sauma kvenfatnað þurfti ekki að stunda sérhæft nám. Eina skilgreinda námið sem í boði var fór fram í kvennaskólum landsins og veitti engin starfsréttindi.

Fyrstu saumavélarnar komu til landsins í kringum 1860. Í framhaldi af því varð til ný stétt kvenna, saumakonur, sem störfuðu meira og minna sjálfstætt. Fram til 1870 voru til í Reykjavík þrjár fótstignar saumavélar. Konurnar sem áttu þessar vélar kenndu bæði kven- og karlmannafatasaum (Anna Sigurðardóttir, 1985).

Samkvæmt manntali 1901 unnu 140 konur við handverk, 24 voru skráðar sem skraddarar og 79 sem saumakonur (Ásdís Jóelsdóttir, 2009, Símon Jón Jóhannsson og Ragnheiður Vigfúsdóttir, 1991). Þetta er athyglisvert í ljósi þess að þessar konur höfðu litla sem enga formlega menntun hlotið. Menntunin sem í boði var, var fyrst og fremst starfsþjálfun en ekki var um eiginlegar prófgráður að ræða.
Um og uppúr 1880 fóru klæðskerar að festa rætur á Íslandi (Dr. Jón Helgason biskup, 1941). Klæðskerarnir höfðu nóg að gera og réðu til sín hjálparstúlkur. Kaupið var ekki mikið en stúlkunum fannst þetta meira frelsi en að ráða sig í vist því í saumaskapnum var alltaf frí á kvöldin og á sunnudögum (Símon Jón Jóhannsson og Ragnheiður Vigfúsdóttir, 1991). Stúlkurnar voru ekki nemar hjá klæðskerunum, einungis starfsstúlkur.

Briet Bjarnhéðinsdóttir ritar grein í *Kvennablaðið* árið 1910 þar sem hún gagnrýnir að einungis karlar virðist hafa efni á að mennta sig en konur ekki. Hún bendir á að það taki sjö ár að fullnema sig í klæðskeraiðn og það standi konum hreinlega ekki til boða. Konur verði að láta sér nægja að sitja saumanámskeið sem vari ekki lengur en þrjá til sex mánuði. Bríet segir að heimilin hafi einfaldlega búið karlana betur undir lífið, þeir hafi verið aldir upp við það að eiga að ráða og sjá um atvinnuna. Uppeldi kvenna hafi tekið mið af því að staður þeirra væri inni á heimilinu og þær fjárhagslega háðar körlunum (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1910). Í greininni gerir Bríet tilraun til að opna augu kynsystra sinni fyrir því að þessi staða sé ekki náttúrulögmál, heldur eitthvað sem þurfi að breyta og jafna stöðu kvenna til náms.

Það er fyrst í reglugerð um iðnnám frá árinu 1928 sem saumakonur eru nefndar til sögunnar og prófstykki þeirra skilgreind. Í þessari reglugerð eru prófstykki klæðskera, feldskera og kvenhattara einnig skilgreind (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

2.2.3 Hlutverk iðnmeistara og iðnskóla á síðustu öld

Með hliðsjón af fyrstu lögunum um iðnnám frá árinu 1893 er ljóst að hlutverk iðnmeistaranna var mun meia en það er nú, varðandi það að fræða og þjálfa nema sína. Ábyrgðin lá einnig alfarið hjá meistaranum. Með stofnun Iðnskólans í Reykjavík, árið 1904, var fysrsta skrefið stigið í þá átt að deila þessari ábyrgð milli meistaranna og skólans (Jón Ólafur Ísberg, 2004). Það liðu þó nokkrir áratugir uns einhver veruleg breyting varð á þessu því Iðnskólinn í Reykjavík var blanda af kvöld- og dagskóla allt fram til ársins 1955, þegar skólinn flutti í nýtt húsnæði á Skólavörðuholti (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

Strax í upphafi höfðu forsvarsmenn skólans alið með sér þann draum að koma á fót „teknískum“ skóla að danskri fyrirmynd. Þar sem tæknistig á Íslandi var lágt, og hefðir um iðnnám litlar sem engar, stóðum við Dönum langt að baki á þessum tíma og iðnnámið sem fram fór innan veggja skólans einskorðaðist við bóklegar greinar (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

Allt frá stofnun Iðnskólans í Reykjavík hafði það verið stöðugt þrætuefni hvernig og hverjir skyldu standa straum af kostnaði við rekstur skólans. Það voru innheimt skólagjöld, sem á þessum tíma var á ábyrgð meistaranna að greiða en þau námu einungis um 5-10% af rekstrartekjum skólans í fyrstu. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík tók beinan þátt í rekstri skólans, Alþingi veitti styrk og gerði kröfu um mótframlag frá Reykjavíkurbæ frá árinu 1912. (Jón Ólafur Ísberg, 2004). Það var forsvarsmönnum Iðnskólans og Iðnaðarmannafélgsins í Reykjavík löngum þyrnir í augum að mun meiri peningar runnu, hlutfallslega, til bændaskólanna og sjómannaskólanna heldur en til iðnskóla (Jón Ólafur Ísberg, 2004).

Ný iðnfræðslulög tóku gildi árið 1949 og þá var iðnfræðsluráði komið á fót. Ráðinu var ætlað að fylgjast með verkþjálfun nema á vinnustað. Iðnfulltrúar voru skipaðir um allt land til að framfylgja þessu eftirliti (Gestur Guðmundsson, 1993). Ný iðnskólalög tóku gildi árið 1955. Helstu nýmæli í þessum lögum voru að nú yfirtók ríkið fjármögnun og rekstur iðnskólanna.

Iðnskólarnir urðu nú dagskólar og gátu jafnframt boðið uppá verklega kennslu innan veggja skólans samkvæmt lögunum (Gestur Guðmundsson, 1993).
Á árunum sem á eftir fylgdu komst töluverð hreyfing á þetta mál, ný iðnfræðslulöggjöf leit dagsins ljós árið 1966 og 1968 var fyrst starfrækt eins árs grunndeild málmiðna innan veggja Iðnskólans í Reykjavík. Grunndeild tréiðna tók til starfa við sama skóla árið 1970 og síðan færðist kennsla iðngreinanna smám saman inn í skólana (Gestur Guðmundsson, 1993).

Helsta ástæða þess að nauðsynlegt þótti að iðngreinakennsla færðist að mestu frá meisturunum inn í skólana var sú að vegna stöðugrar tækniþróunar, og meiri sérhæfingar, væri nær ómögulegt að iðngreinanám, sem eingöngu væri stundað hjá meistara, gæti uppfyllt kröfur um þekkingu og færni. Með því að koma á fót sérhæfðum verkstæðum innan veggja skólanna gæti nemandinn hinsvegar mætt á einn stað og notið leiðsagnar sérhæfðra kennara í hinum ýmsu fögum sem vörðuðu iðn hans (Gestur Guðmundsson, 1993).

2.2.4 Fataiðndeild Iðnskólans í Reykjavík

Fataiðndeild Iðnskólans í Reykjavík tók til starfa árið 1977 og er ennþá eina deildin á landinu sem undirbýr nemendur til sveinsprófs í kjólsaumi og klæðskurði. Fram að þeim tíma að deildin tók til starfa höfðu nemendur sem vildu læra kjólasaum eða klæðskurð þurft að komast á samning hjá meistara og stunda nám í bóklegum greinum í iðnskóla.

Frá því að deildin tók til starfa hefur námið í kjólasaumi og klæðskurði verið kennt samhliða og námstími í skóla verið sjö annir. Að auki hafa nemendur þurft að stunda vinnustaðaþjálfun í 24 vikur til að geta þreytt sveinspróf.

Með því að kenna þessar skyldu iðngreinar samhliða lærðu nemendur grunninn í báðum greinunum bæði hvað varðar fagteikningar og handverk. Þegar komið var að lokaönn ákváðu nemendur hvort þeir ætluðu að þreyta sveinspróf í kjólasaumi- eða klæðskurði og þá sérhæfðu þeir sig í þeirri grein á lokaönninni. Þeir nenendur sem ætluðu að ljúka sveinsprófi úr báðum greinum þurftu því að sitja lokaönnina tvisvar og taka tvö sveinspróf (IÐAN fræðslusetur, Nám og störf, e.d -a).

Á þeim tíma sem fataiðndeildin var stofnuð, og síðustu tvo áratugina á undan, höfðu töluvert miklar breytingar átt sér stað í íslensku efnahagslífi. Í skjóli innflutningshafta höfðu fataverksmiðjur blómstrað á Íslandi og fjöldaframleiðsla á fatnaði aukist til muna. Fjöldaframleiðslan einskorðaðist ekki við innlendan markað, heldur var útflutningur á ullarfatnaði all nokkur. Þegar deildin tekur til starfa er Ísland því á seinni hluta aðlögunartímabilsins hvað varðar afnám haftatolla eftir inngönguna í EFTA árið 1970[3] (Einar Benediktsson, 2000).

Áherslurnar í deildinni tóku því að nokkru leyti mið af tíðarandanum þar sem reynt var að staðfæra þessar handverksgreinar að þörfum fjöldaframleiðslunnar. Samt sem áður var gildi handverksins alltaf í heiðri haft og er svo enn. Enda má segja að þessar greinar séu búnar að fara í hring, þar sem nú er aftur mun meiri áhersla lögð á sérsaum og að fá einstakar flíkur.

Eins og staðan er í dag í fataiðndeild Tækniskólans skiptist námið í þrjú þrep (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d). Námið hefst á grunnnámi fataiðna sem tekur að meðaltali tvær annir og er metið til 32. eininga. Eftir grunnnám geta nemendur hafið fatatækna nám sem tekur að meðaltali fjórar annir að ljúka og er 82 einingar. Það er fyrst að loknu fatatækna námi sem nemendur geta sérhæft sig í kjólasaumi eða klæðskurði. Heildarnámseiningar í kjólasaumi og klæðskurði eru 157 einingar. Meðalnámstími að grunnnámi meðtöldu er sjö annir í skóla og 24 vikna starfsþjálfun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d).

2.2.5 Frumkvöðlarnir

Flestar starfsstéttir hafa varðveitt sögur af frumkvöðlum sem rutt hafa hindrunum úr vegi fyrir þá sem á eftir komu. Þetta á svo sannanlega við um kjólameistara.

Árið 1943 komu saman tólf konur í Reykjavík. Konur þessar voru meðlimir í Félagi kjólaverslana og ráku saumastofur. Stofunum höfðu þær lokað til að mótmæla verðlagshöftum og skömmtunarákvæðum því saumalaun dugðu ekki til framfæris (Jófríður Benediktsdóttir, 1993).

3 Ísland varð aðili að EFTA samningnum árið 1970 og fékk tíu ára aðlögunartímabil til að fella niður tolla á vörur sem einnig voru framleiddar hérlendis.

Konurnar ákváðu að stofna Félag kjólameistara í Reykjavík, sem skyldi vinna að því að kjólasaumur yrði lögvernduð iðngrein. Skilyrði fyrir réttindum í greininni voru að geta teiknað, sniðið og saumað margbrotna kjóla án allrar aðstoðar (Jófríður Benediktsdóttir, 1993).

Verkefni félagsins fyrstu árin endurspegla einangrun og höft sem þjóðin bjó við.
Í fyrstu fundargerðabók félagsins má lesa um tillögu félagskonu frá árinu 1947, þar sem hún leggur til að félagið stofni innkaupasamband. Félagskonur voru orðnar langþreyttar á skorti á tilleggi og smávörum. Á sama fundi bar önnur félagskona fram þá tillögu að félagið sendi fulltrúa á fund skömmtunarstjóra og færi fram á breytingar á gildandi skömmtunar-fyrirkomulagi viðvíkjandi stofnauka nr. 13 (Félag kjólameistara í Reykjavík, 1947).
Áður en lengra er haldið er vert að skoða hvað fólst í stofnauka nr. 13. Í 42. tbl. tímaritsins *Verkamaðurinn* frá árinu 1947 birtist eftirfarandi tilkynning:

> Til verzlana og iðnfyrirtækja, varðandi stofnauka nr. 13.
>
> Að gefnu tilefni skal það tekið fram að stofnauki nr. 13, gildir ekki sem innkaupaheimild í heildsölu fyrir öðrum vörum en tilbúnum ytri fatnaði. Þær verzlanir, sem selt hafa metravöru þ.e. efni og tillegg í ytri fatnað, sem seldur er gegn stofnauka nr. 13 og ætla að fá út á slíka metravöru, eða tillegg í heildsölu þurfa að skila stofnaukanum nr. 13 til skömmtunarskrifstofu ríkisins, eða trúnaðarmanna hennar, ásamt sérstakri nótu með hverjum stofnauka. Á slíka nótu skal tilfæra hvaðan metravara hefir verið afgreidd, hve mikið af hverju, svo og sundurliðað verð, en kaupandi skal einnig árita slíka nótu. Innkaupaleyfi fyrir metravöru, verður svo veitt fyrir því verðmæti, er nóturnar sýna. Klæðskerar og saumastofur, er framleiða og selja vörur út á stofnauka nr. 13, þurfa á sama hátt að útbúa nótur yfir það efni sem fer til hins selda fatnaðar út á stofnauka nr. 13, og fá svo innkaupaleyfi fyrir samsvarandi upphæð í metravörum hjá skömmtunarskrifstofunni. Reykjavík, 24. okt. 1947. Skömmtunarskrifstofa ríkisins (Verkamaðurinn, 1947, bls. 2).

Félagskonur vildu geta selt sumarkjóla gegn vefnaðarsvöru skömmtunarseðlum í stað stofnauka nr. 13.

Í fundargerð frá 24. maí 1948 kemur fram að megin tilgangur fundarins hafi verið að ráðstafa gjaldeyrisleyfi sem félaginu var úthlutað til kaupa á tízkublöðum.

> „... og var ákveðið að fela hr. bóksala Braga Brynjólfssyni að annast innkaup blaðanna og deila þeim meðal starfandi félaga. Ákveðið var að fá til viðbótar amerísk og frönsk tískublöð fyrir milligöngu Finns Einarssonar bóksala.“ (Félag kjólameistara í Reykjavík, 1948).

Frá stofnun félagsins voru skóla og réttindamál einnig fyrirferðamikil og gengið var úr skugga um að allar konur sem auglýstu kjólasaum hefðu til þess full réttindi. Á árunum milli 1950 - 1960 var mikið rætt um nauðsyn þess að stofna saumaskóla sem rekinn skyldi af hinu opinbera í samvinnu við félagið (Jófríður Benediktsdóttir, 1993).

Smán saman minnkuðu innflutningshömlur en að sama skapi jókst innflutningur á tilbúnum fatnaði og samkeppnin harðnaði. Árið 1951 gerðist félagið aðili að Landssambandi iðnaðarmanna.
Áhersla var lögð á að afnema allar undanþágur til sveinsprófs. Til að öðlast sveinspróf þurfti að hafa námssamning við meistara, að hafa verið í námi í þrjú ár og hafa lokið tilskyldu námi í Iðnskóla (Félag kjólameistara í Reykjavík, 1951).

Árið 1964 var félagið gert að landsfélagi og hét eftir það Félag kjólameistara. Sem fyrr voru það réttinda og skólamál sem voru í brennidepli. Baráttan fyrir að koma fatasaumi inn í Iðnskólann hélt áfram og varð að veruleika árið 1977 þegar fataiðndeildin tók til starfa (Jófríður Benediktsdóttir, 1993).

Á fjörtíu ára afmæli félagsins, árið 1983, tóku ný lög gildi og var félagið eftir það einnig opið sveinum. Af þessu tilefni fékk það nýtt nafn. Félag meistara og sveina í fataiðn (Jófríður Benediktsdóttir, 1993).
Nafn þetta þótti nokkuð óþjált og ekki nógu lýsandi og var því breytt aftur árið 2006 í Klæðskera og kjólameistafélagið eins og það heitir í dag. Félagar eru nú um níutíu talsins.

2.2.6 Frumkvöðlar og lífsform (Habitus)

Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu (1930-2002) skilgreindi *habitus* (veruhátt) í bók sinni *The Logic of Practice* á eftirfarandi hátt: „Áunnar venjur, hegðunarmynstur, hættir, smekkur og önnur óræð þekking sem tiltekinn hópur beitir orðlaust án rökrænnar hugmyndafræði“[4] (Ísl. þýðing. Karl Aspelund: Bourdieu, 1990, bls. 53).
Habitus segir til um hvernig einstaklingur hefur mótast í því umhverfi sem hann hefur samsamað sig við. Þegar einstaklingur öðlast nýja reynslu og setur ný viðmið bætist ofaná

[4] The learned habits, bodily skills, styles, tastes and other non-discursive knowledges that ‘go without saying’ for a specific group. Operating beneath the level of rational ideology (Bourdieu, 1990, bls. 53).

fyrri *habitus*. Þó svo að hver einstaklingur hafi að hluta til einstakan *habitus* þar sem við skynjum hluti á mismunandi hátt og hegðum okkur ekki öll eins, við sömu aðstæður, er *habitus* okkar að hluta til einnig félagslegur. Þetta má skýra með því að einstaklingar sem alast upp við svipaðar aðstæður hafa gjarnan svipaðan *habitus*. Innan samfélaga ríkja ákveðin norm sem einstaklingum þykja sjálfsögð og eðlileg (Davíð Kristinsson, 2007).

Dýrleif Ármann, kjólameistari, fæddist í Kaupmannahöfn árið 1915 og var ein þeirra kvenna sem stóð að stofnun Félags kjólameistara í Reykjavík árið 1943[5].
Móðir Dýrleifar var kennari, skagfirsk, að uppruna. Hún hafði lokið prófi frá kvennaskólanum að Ytri-Ey vorið 1897 og síðar aflað sér framhaldsmenntunar við kennaraháskóla í Kaupmannahöfn. Faðir Dýrleifar var hinsvegar Bandaríkjamaður af pólskum ættum. Foreldrar hennar giftust aldrei og hún hafði ekkert af honum að segja (Dýrleif Ármann, 1980). Fyrstu fjögur árin var Dýrleif í fóstri hjá íslenskum hjónum í Kaupmannahöfn við gott atlæti en þá ákvað móðir hennar að snúa aftur til Íslands og tók stúlkuna með. Þær mæðgur fluttu til móðursystra Dýrleifar í Skagafjörð. Við þeim blasti dæmigert sveitalíf þess tíma á góðu búi en fljótt skipuðust veður í lofti.
Berklar lögðust þungt á fjölskylduna og svo fór að Dýrleifu var aftur komið í fóstur (Dýrleif Ármann, 1980).
Strax eftir fermingu fór Dýrleif að vinna fyrir sér og átti það takmark eitt að komast aftur til fósturforeldra sinna í Kaupmannahöfn. Það tókst henni árið 1933.
Í samráði við fóstru sína ákvað Dýrleif að nema kjólasaum því þannig gæti hún unnið fyrir peningum um leið og hún stundaði nám í iðngrein. Þetta gekk eftir og næstu fjögur árin var Dýrleif í Kaupmannahöfn. Sjálf hafði Dýrleif ekki hugsað sér að snúa aftur til Íslands en skyldan kallaði, hún átti móður og yngri bróður á Íslandi og ákvað að snúa heim, opna þar saumastofu, og vera þeim innanhandar (Dýrleif Ármann, 1980).
Um árabil rak Dýrleif saumastofu í Reykjavík og aðstoðarstúlkur hennar urðu flestar tíu talsins.

Í upphafi mótast *habitus* Dýrleifar af því að hún býr við gott atlæti í Kaupmannahöfn. Hún er síðan flutt í íslenska sveit og býr þar við aðstæður sem eru gjörólíkar því sem hún hafði áður

[5] Saga Dýrleifar er rakin hér sem dæmisaga um líf þessara frumkvöðla. Vissulega voru fleiri kvenskörungar sem komu hér við sögu. Til að mynda Henný Ottósson kjólameistari, hún var þýskur gyðingur sem flúði hingað til lands ásamt móður sinni og ungum syni. Henný vann um árabil ötullega að því að bæta hag félagskvenna. Ásta Þórðardóttir var fyrsti formaður Félags kjólameistara í Reykjavík. Ásta nam kjólasaum í Kaupmannahöfn og starfaði þar í tólf ár hjá Magasin du Nord áður en hún snéri aftur heim til Íslands og stofnaði kjólasaumastofu.

kynnst. Að auki missir hún ung ástvini úr berklum og er sjálf send í fóstur. Á uppvaxtarárum Dýrleifar mótar það *habitus* hennar að eiga minningar frá Kaupmannahöfn og hún er alla tíð staðráðin í því að komast þangað aftur. Flest börn í Skagafirði á þessum tíma hafa trúlega búið að „einsleitari“ *habitus* þar sem þau höfðu aldrei upplifað annað en einhæft sveitalíf og því líklegri til að hugsa einungis um að komast í framtíðinni til Akureyrar eða jafnvel Reykjavíkur til að mennta sig eða víkka sjóndeildarhringinn.
Enn er það *habitus* Dýrleifar sem stýrir því að hún fer aftur heim til Íslands að námi loknu þó svo hún sjálf hafi ekki haft neina löngun til þess. Skyldan kallaði og hún gat ekki slitið sig frá því samfélagsformi sem beið hennar á Íslandi.

Menningarauður er hluti af *habitus* einstaklinga (Davíð Kristinsson, 2007). Konurnar sem komu saman, ásamt Dýrleifu, árið 1943 til að stofna Félag kjólameistara í Reykjavík, bjuggu allar yfir sama menningarauði. Sameiginlegur menningarauður þeirra var fólginn í sérþekkingu þeirra, menntun þeirra. Menningarauð sinn nýttu þær til að berjast fyrir skóla- og réttindamálum kjólameistara og efnahagslegan auð sinn til að mótmæla verðlagshöfum og skömmtunarákvæðum.

2.2.7 Samspil menningar og menntunar

Eins og fram hefur komið var kjólasaumur ekki skilgreindur sem iðngrein eins og klæðskurður í fyrstu iðnaðarlögunum. Tækifæri kvenna til menntunar voru fá fyrir tilkomu kvennaskólanna. Engu að síður virðist það hafa verið nokkuð útbreidd skoðun á Íslandi að nauðsynlegt væri að auka tækifæri kvenna til náms.
Menningarlegt atferli er nátengt menntunarstigi og áhrif skólagöngu eru nátengd félagslegum uppruna. Að vísu skiptir þó miklu máli að hve miklu leyti menntakerfið miðlar menningu (Bourdieu, 2007, -a).

Kvennaskólarnir sem stofnsettir voru víða um land hafa trúlega haft mun meira menningarlegt gildi en nokkur gerði sér grein fyrir á þessum tíma. Um leið og stúlkur fengu tækifæri til að fara að heiman og mennta sig, jafnvel þó aðal áherslan væri lögð á greinar eins og handmennt og heimilisstörf, breyttist smekkur þeirra.

Þá vaknar spurningin um hvað hefur smekkur með skólagöngu að gera? Jú, smekkur er félagslegur fremur en meðfæddur (Bourdieu, 2007, -b). Smekkur fólks birtist ekkki eingöngu í því hvernig fólk er til fara eða hvaða veraldlegar eigur það á. Smekkur birtist einnig í því sem fólk tekur sér fyrir hendur. Smekkur fólks ræður miklu um það hvaða tómstundir það stundar, hvað það nemur og hvort eða hvernig maka það velur. Þessar ákvarðanir tekur einstaklingurinn þó allar eftir að hafa mótast í samfélagi þar sem smekkur hans er óneitanlega litaður af þjóðfélagsstöðu viðkomandi (Bourdieu, 2007, -b). Einstaklingurinn er stöðugt að miðla eða taka við upplýsingum frá samfélaginu. Útfrá þessum upplýsingum tekur hann mismunandi ákvarðanir. Þessar ákvarðanir stjórnast af smekk viðkomandi (Bourdieu, 2010).

Að sama skapi voru stúlkurnar sem fengu að fara að heiman til að mennta sig að uppgötva eitthvað sem þær höfðu smekk fyrir um leið og þær bættu við *habitus* sinn. Með því að brjótast til mennta hófu þær ákveðna baráttu, baráttu fyrir breyttu lífi eða að minnsta kosti möguleikanum á að hafa val um hvernig þær höguðu lífi sínu. Þær eygðu von og mörkuðu tímamót með því að segja fortíðinni stríð á hendur og krefjast sama réttar til náms og bræður þeirra höfðu.

Nú tæplega 140 árum eftir að fyrsti kvennaskólinn var stofnsettur stendur þessi barátta enn, þó í breyttri mynd sé. Þorgerður Einarsdóttir er doktor í félagsfærði frá Háskólanum í Gautaborg. Doktorsritgerð Þorgerðar ber heitið *„Læknastarf í mótun. Rannsókn á sérhæfingu og kynjaskiptingu innan læknastéttarinnar“.* Eins og nafn rannsóknarinnar ber með sér er Þorgerður að kanna hversu kynbundið sérgreinaval er innan læknastéttarinnar.

Ein frumforsenda rannsóknar Þorgerðar var að sérgreinaval væri ekki tilviljanakennt heldur ætti sér einhverjar skýringar. Rannsóknin var gerð á sænskum læknum en hægt er að heimfæra niðurstöður á íslensku læknastéttina. Í ljós kom að kvenfólk var lang fæst í skurðlækningum, innan við 10%. Fjölmennustu sérgreinarnar sem kvenmenn sækja í eru hinsvegar, kvensjúkdóma- lyf-, heimilis- og öldrunarlækningar. Í þessum greinum er hlutfall kvenna á bilinu 50-57%. (Þorgerður Einarsdóttir, 2000).

> „Meðal mikilvægustu niðurstaðna rannsóknarinnar er að orðræða virðingarinnar, hugmyndir, menning og viðhorf sem tungumálið ljær búning, eigi meiri þátt í að beina konum og körlum inn á ólíkar sérgreinabrautir í læknisfræði en þættir á borð við vinnutíma, fjölskylduaðstæður eða raunverulegt innihald sérgreinanna“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2000, bls. 38).

Þó svo að kvenlæknar og kjólameistarar virðist ekki eiga margt sameiginlegt í fyrstu er athyglisvert að skoða hvað hér er sammerkt. Hér er gerður samanburður á kvenstéttum sem eru mjög ólíkar í sögulegu samhengi. Kjólasaumur hefur verið talið kvennastarf í aldaraðir á meðan læknastéttin var allt fram á miðja síðustu öld nær eingöngu skipuð körlum. Þegar konum tekur að fjölga í læknastétt dreifast þær ekki jafnt á milli sérgreina heldur leita í að sinna öðrum konum, heimilislækningum, í þeim hópi eru börn fjölmenn og öldruðum. Starfssvið þeirra er því að nokkru leiti eins og hjá saumakonunum sem fóru út á vinnumarkaðinn til að sinna störfum sem þær höfðu áður unnið innan heimilisins.

Konur virðast einfaldlega hafa annan smekk. Eins og fram kom hér að ofan er einstaklingurinn stöðugt að miðla og taka við upplýsingum frá samfélaginu. Þó svo að kynbundin norm séu ekki forskrifuð í norrænum þjóðfélögum þá eru gamlar hefðir greiptar í menningu okkar sem ennþá virðast móta félagslegan smekk okkar meira en við gerum okkur grein fyrir dags daglega. Saumakonurnar í byrjun tuttugustu aldarinnar lutu því að kjólasaumur, sem var kvennastétt, var ekki skilgreindur sem iðngrein á meðan karlafagið klæðskurður var það. Á sama hátt virðist smekkur nútíma kvenna í læknastétt ekki markast í eins miklum mæli af því að velja þær sérgreinar sem mestrar virðingar njóta, en innan læknisfræðarinnar eru það skurðlækningar. Félagslegur smekkur þeirra virðist hafa meira um námsvalið að segja. Eins og hjá kjólameisturunum þá er það áhugasviðið, sem vissulega hefur markast af samfélaginu, sem ræður meiru um valið en virðingin sem borin er fyrir starfinu.

2.3 Staða fataiðngreina í íslensku menntakerfi

Þegar horft er til þeirra gífurlegu breytinga sem orðið hafa á íslensku menntakerfi undanfarna áratugi, ekki síst frá því að fjölbrautaskólarnir tóku til starfa, er ekki óeðlilegt að einhverjir spyrji hvort fataiðngreinarnar eigi heima óbreyttar innan iðnskóla. Skiptir mestu að halda í lögverndun iðngreina eða á að brjóta allt kerfið upp og setja hluta námsins á háskólastig? Þessum spurningum verður ekki svarað nema reyna fyrst að skoða og greina þarfir markaðarins.

2.3.1 Námstilhögun árið 2013

Í kafla 2.2.4 hér á undan var örstutt lýsing á þrískiptingu námsins við fataiðndeild Tækniskólans. Þessari tilhögun hefur verið fylgt frá árinu 2008 þegar núgildandi námskrá tók gildi. Tilgangurinn með þessari þrískiptingu var að gefa nemendum kost á að ljúka starfsnámi þó svo þeir ætluðu sér ekki alla leið að sveinsprófi. Einnig var nemendum gert auðveldara um vik að fá grunn fatasaumsáfanga metna úr öðrum framhaldsskólum. Fatatæknanámið (82 einingar) var einnig hugsað sem undirstaða fyrir annað list- eða verknám.

Kennarar við fataiðndeildina voru síður en svo á eitt sáttir við þessa nýju tilhögun enda töldu sumir að þetta gæti orðið til þess að margir nemendur myndu innritast í grunnnámið án þess að vita hvað þeir ætluðu sér með það. Einnig var óttast að aðsókn í klæðskeraiðn myndi stórlega minnka, þar sem fjöldi nemenda myndi hverfa á braut eftir grunnnám og aðeins lítill hluti þeirra nemenda sem innrituðust í upphafi myndi ljúka námi með því að þreyta sveinspróf (Sigrún K. Lyngmo munnleg heimild, 3. febrúar 2013).

Fyrir deildina yrði þetta slæm þróun þar sem fjölgun nemenda yrði aðeins í grunnnámi en líklega myndi nemendum fækka á efri stigum námsins. Í júní 2012 fékk deildin leyfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að hverfa aftur til fyrri kennsluhátta þar sem nemendur ljúka grunn og fatatæknanámi og ákveða síðan áður en þeir hefja nám á sjöundu önn hvort þeir ætla að þreyta sveinspróf í kjólasaumi eða klæðskurði (Sigrún K. Lyngmo munnleg heimild, 3. febrúar 2013).

Af þessari umfjölin má sjá að fagfólk leggur metnað í að greina þarfir markaðarins og koma með tillögur að úrbótum. Markaðurinn er hinsvegar síbreytilegur og nær ógerlegt fyrir staðlað skólakerfi að bregðast fljótt við öllum breytingum. Því er mikilvægt að námið sé vel skilgreint. Þar sem þetta er handverksgrein mun alltaf verða mikil áhersla á sérsaum og einstaklingsmiðaðar lausnir. Með tilkomu Listaháskólans og þar með fatahönnunarnáms á Íslandi er samvinna kjólameistarans og fatahönnuðarins orðinn mikilvægur starfsvettvangur. Hönnuðurinn leggur fram skissur og hugmyndir sem kjólameistarinn með sína yfirgripsmiklu sniða- og saumakunnáttu er fær um að búa til framleiðslu. Það sem helst háir samvinnu í dag er skortur á hefð og að samvinnan sé á jafningjagrundvelli.

2.3.2 Er breytinga þörf?

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 er námi í framhaldsskólum skipt á fjögur hæfniþrep. Fyrsta þrepið er grunnþrepið og felur í sér almenna menntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 - almennur hluti, 2012). Eftir því sem námið færist á hærra þrep eru gerðar meiri kröfur um þekkingu, leikni og hæfni sem tengjast sérhæfingu og fagmennsku. Á þriðja þrepi er náminu ætlað að vera undirbúningur fyrir lögvarin störf, sérhæft starfsnám, listnám og háskólanám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 - almennur hluti, 2012). Nám sem skilgreint er á fjórða þrepi getur hvort heldur verið á vegum framhalds- eða háskóla og markmiðið með því er fyrst og fremst aukin sérhæfing á sviði leiðsagnar, stjórnunar, nýsköpunar eða þróunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 - almennur hluti, 2012). Samkvæmt þessu flokkast bóklegt nám til iðnmeistararéttinda á fjórða þrep. Nám á fjórða hæfniþrepi sem stundað er innan framhaldsskóla gefur fyrirfram ákveðnar FEIN, (framhaldsskólaeiningar). Samkvæmt lögum nr. 6/2006 er bæði innlendum og erlendum háskólum heimilt, en ekki skylt, að meta nám af fjórða hæfniþrepi til ,ECTS, (háskóla) eininga (Lög um háskóla nr. 6/2006). Nemandi sem stundar nám á fjórða hæfniþrepi innan framhaldsskóla hefur því enga tryggingu fyrir því að nám hans verði metið til háskólaeininga.

Samkvæmt núgildandi lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, hefur ábyrgð á námskrárgerð nú í auknum mæli verið færð frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til framhaldsskólanna. Skólarnir hafa því meira frelsi en áður til að bjóða uppá „klæðskerasniðið“ nám sem uppfyllir þarfir nemenda og vinnumarkaðarins (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf samt sem áður að staðfesta nýjar námsbrautir. Ábyrgð starfsgreinaráðs í hönnunar- og handverksgreinum er því mikil. Starfsgreinaráðið, sem skiptað er sjö fulltrúum, skal vera menntamálaráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi (Reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009). . Starfsgreinaráðið hefur heimild samkvæmt 26. gr. framhaldsskóla laganna til að stofna fagráð. Fagráðin veita ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Vegna niðurskurðar til menntamála hefur gildistöku nýrrar aðalnámskrár í framhaldsskólum verið frestað að hluta til ársins 2015. Starfsgreinaráð og aðrir fagaðilar sem vilja hag

iðngreinarinnar sem mestan ættu því að nýta tímann vel og meta hvort iðngreininni er best borgið í núverandi kerfi, eða hvort ástæða er til að umbylta náminu og hverfa frá núverandi löggildingu og huga frekar að samfellu milli skólastiga.

Rannsakandi er þó ekki hlynntur breytingum einungis breytinganna vegna. Hinsvegar er ekki hægt að horfa framhjá þeim breytingum sem orðið hafa í kjölfar aukinnar hnattvæðingar. Landamæri vinnumarkaðarins heyra nú einnig sögunni til í ýmsum greinum og því mikilvægt að nemendur geti öðlast sérþekkingu með því að byggja ofaná fyrra nám. Ein leið til þess gæti verið að bjóða iðnfræðinám á háskólastigi þar sem byggt væri ofaná sveinspróf. Nánar verður vikið að þessum möguleika í kafla 5.1.

2.4 Tengdar rannsóknir

Eins og áður hefur komið fram er þetta í fyrsta sinn sem gerð er rannsókn á því hvað orðið hefur um þá sem útskrifast hafa sem meistarar og sveinar í kjólasaumi. Hinsvegar var í lok árs 2011 gerð könnun á viðhorfi fagfólks í nokkrum iðngreinum að frumkvæði IÐUNNAR fræðsluseturs. Maskína ehf. sá um framkvæmd og úrvinnslu niðurstaðna. Hér á eftir fara helstu niðurstöður á viðhorfi fagfólks í hársnyrtigreinum og málm- og véltæknigreinum. Í köflum fjögur og fimm verða þessir hópar notaðir til samanburðar við niðurstöður úr könnuninni sem rannsakandi gerði meðal kjólameistara og sveina.

2.4.1 Helstu niðurstöður um viðhorf fagfólks í hársnyrtigreinum

Niðurstöður þessar byggja á slembiúrtaki 250 hársnyrtisveina sem útskrifuðust á árunum 1980-2009. Fimm reyndust látnir og aðrir fimm búsettir erlendis þannig að endanlegt úrtak var 240 manns (Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson, Helga Lára Haarde, Eydís Björnsdóttir, og Ævar Þórólfsson, 2012 -a). Könnunin fór fram dagana 15. nóvember til 15. desember 2011 og var hringt í alla sem í úrtakinu lentu og þeim boðið að svara annað hvort í síma eða á netinu. Meirihluti svaraði í síma. Svarendur voru 135 sem samsvarar 56,3% þátttöku, 94% voru konur og 6% karlmenn (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Helstu niðurstöður fara hér á eftir:

Tæplega 44% svarenda hafa ekki lokið annarri framhaldsmenntun en sveinsprófi og einungis 28% hafa lokið iðnmeistararéttindum. 12,6% hafa lokið háskólagráðu, 5,2% stúdentsprófi og 10,4% einhverju öðru sérnámi (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Staða svarenda á vinnumarkaði er sú að 43,7% eru launþegar, 23,7% sjálfstætt starfandi einyrkjar og 20,7% atvinnurekendur. Undir liðnum annað kom fram að svarendur voru, heimavinnandi, námsmenn, lífeyrisþegar, eða í atvinnuleit (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Alls starfa 58,3% svarenda við iðngrein sína en 41,7% sinnir öðrum störfum. Af þeim sem ekki eru starfandi við iðngreinina eru einungis 25% sem segjast geta hugsað sé að hefja störf að nýju. Þeir sem ekki voru starfandi við iðngreinina voru spurðir um ástæðu þess. Helstu ástæður reyndust vera líkamskvillar eða veikindi, í tæplega 31% tilvika, næst á eftir kom sú skýring að viðkomandi hefði farið í annað nám eða í 13,5% tilvika (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Svarendur eru almennt ánægðir í núverandi starfi eða á bilinu 88-89%. Þó svo að einungis 58,3% svarenda starfi við iðngreinina þá treysta tæp 78% sér til að mæla með náminu við ungt fólk (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Tæplega helmingur háriðnaðarmanna telur starfsöryggi mikið í greininni á meðan fjórðungur segir það vera lítið (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Þrír af hverjum fjórum telja að námið hafi búið þá mjög- eða frekar vel undir starf í faggreininni en einungis 3,8% sögðust hafa verið frekar- eða mjög illa undirbúinir (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

Almennt eru svarendur stoltir af starfi sínu eða liðlega 95% og á það við hvort sem þeir hafa snúið baki við háriðninni eður ei, að auki eru 87% svarenda sammála því að jafnvægi sé milli vinnu og einkalífs (Þóra Ásgeirsdóttir o.fl., 2012 -a).

2.4.2 Helstu niðurstöður um viðhorf fagfólks í málm- og véltæknigreinum

Niðurstöður þessar byggja á slembiúrtaki sveina í fjórum greinum, blikksmíði, plötu-, ketil- og stálsmíði, rennismíði og vélvirkjun og vélsmíði, sem útskrifaðir voru á árunum 1965-2009.

Úrtakið í blikksmíði, vélvirkjun og vélsmíði voru 250 sveinar í hverri grein en allir rennismiðir (161) og allir plötu-, ketil- og stálsmiðir (125) voru í úrtakinu. Niðurstöður voru metnar eftir tegund sveinsprófs í réttum hlutföllum við heildarfjölda í þýði. Heildarfjöldi í úrtaki var 786 en nokkrir voru látnir og aðrir búsettir erlendis og því var endanlegur fjöldi í úrtaki 694. Alls svöruðu 475 sem er 68,4% svarhlutfall og allir svarendur voru karlkyns (Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson, Helga Lára Haarde, Eydís Björnsdóttir, og Ævar Þórólfsson, 2012 -b).

Helstu niðurstöður fara hér á eftir.

Rúmlega þriðjungur, eða 36%, hefur ekki lokið annarri menntun en sveinsprófi. Einungis 11,7% hafa lokið iðnmeistararéttindum og 11,6% hafa háskólagráðu. Nánast einn af hverjum fjórum eða 24,2% hafa lokið einhverju óskyldu réttindanámi eins og; stýrimanna- og skipstjórnaréttindum, hafa aukin ökuréttindi eða vinnuvélaréttindi. Réttindi í vélstjórn, vélvirkjun, vélfræði, flugvirkjun eða flugréttindi. Þetta þýðir að nánast tveir af hverjum þremur hafa lokið einhverri viðbótarmenntun eftir að sveinsprófi var lokið (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012 -b).

Þegar viðbótarmenntun var skoðuð eftir því í hvaða grein svarendur störfuðu var marktækur munur milli hópa. Vélvirkjar og vélsmiðir voru líklegastir til að hafa lokið öðru sveinsprófi en það höfðu 10,8% svarenda gert. Þeir voru líka tvöfalt líklegri en samburðahóparnir til að hafa eitthvert réttindanám að baki. Tæplega 60% af rennismiðunum höfðu eitthvert annað nám að baki og þeir voru líka líklegastir til að hafa lokið háskólagráðu en það höfðu 17,2% gert. Flestir voru iðnmeistararnir í hópi blikksmiða eða 16,7% og plötu-, ketil- og stálsmiðir voru ólíklegastir til að hafa lokið annarri menntun en sveinsprófi. Einungis tæplega helmingur í þeirra hópi hafði lokið annarri menntun (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012 -b).

Næstum þrír af hverjum fjórum eru starfandi við faggrein sína í dag. Hæst er hlutfall starfandi hjá plötu-, ketil- og stálsmiðum en lægst hjá rennismiðum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þær niðurstöður að flestir í hópi rennismiða hafa annað nám að baki. Það er einnig athyglisvert að í hópi þeirra sem starfað hafa 5 ár eða skemur eru einungis 25,5% starfandi í faggreinunum. Í hópi þeirra sem starfað hafa 21-30 ár eru hinsvegar 93,1% starfandi í faggreinunum (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012 -b).

Helstu ástæður þess að menn starfa ekki við faggreinarnar eru þær að menn hafa annað nám að baki en það nefna 26,7% svarenda. Sama hlutfall segir að betra starf hafi boðist og 11,8%

segja launin hafa verið léleg. Einungis 3,4% nefna að vinnan hafi verið líkamlega erfið (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012 -b).

Starfsánægja er mikil, en alls eru 86,6% mjög- eða frekar ánægðir í núverandi starfi. 83,5% málmiðnaðarmanna segjast myndu mæla með því við ungt fólk að hefja nám í faginu. Þeir sem hinsvegar eru ekki tilbúnir til að mæla með náminu nefna léleg laun sem helstu ástæðu þess. Liðlega 65% telja starfsöryggi gott en tæplega 14% telja það lítið.

Rúmlega 93% málmiðnaðarmanna eru stoltir af starfi sínu og 75% telja samræmi milli vinnu og einkalífs vera gott (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012 -b).

3 Aðferðafræði rannsóknar

Hér á eftir fer lýsing á þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru til að svara rannsóknarspurningunum sem lagðar voru fram í upphafi.
Í þessari rannsókn var stuðst við blandaðar aðferðir (*ens. mixed medhods*). Ekki reyndist unnt að fá fullnægjandi svör við rannsóknarspurningunum sem kynntar voru í fyrsta kafla nema blanda saman eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum[6]. Spurningalistar voru nýttir til að safna grunnupplýsingum um þátttakendur og síðan voru tekin einstaklingsviðtöl til ná fram persónulegum skoðunum.
Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir alla kjólameistara og sveina sem lokið höfðu sveins og/eða meistaraprófi í kjólasaumi frá árinu 1971 til og með 2011. Þýðið samanstóð nánast eingöngu af kvenfólki, eða 99,995%, þar sem einungis einn karlmaður útskrifaðist úr náminu á þessu árabili. Að auki voru átta konur sem einnig veittu einstaklingsviðtöl. Ástæða þess að rannsakandi vildi einnig taka viðtöl var fyrst og fremst sú að þannig var hægt að staðfesta ýmsar upplýsingar og niðurstöður sem fengust þegar spurningalistinn var lagður fyrir. Rannsakandi valdi sjálfur úrtakið fyrir viðtölin. Við val á þátttakendum var horft til þess að velja viðmælendur sem voru starfandi í faginu og þá bæði sjálfstætt og sem launþegar. Viðmælendur sem höfðu horfið til annarra starfa og viðmælendur sem lokið höfðu starfsævi

[6] Í bók sinni, *Research design Qualitative,quantitative, and mixed methods approaches,* greinir Creswell frá því hversu mikla athygli blandaðar rannsóknaraðferðir hafa fengið undanfarið og útskýrir mismunandi færar leiðir. Hér var þeirri leið fylgt að framkvæma fyrst megindlega rannsókn, greina gögnin úr henni og útfrá þeim gögnum voru viðmælendur valdir. Í lokin voru síðan niðurstöður úr báðum rannsóknum tengdar saman.

sinni. Með því að fá viðmælendur úr öllum þessum hópum tókst rannsakanda að fá meiri dýpt í rannsóknina.

Einnig verður bent á helstu kosti og galla þessarar rannsóknar. Að auki verða færð rök fyrir áreiðanleika hennar og gildi hennar fyrir iðngreinina.

3.1 Þátttakendur rannsóknar og gagnaöflun

Þátttakendur (þýðið) í þessari rannsókn eru allir þeir sem lokið hafa sveins og/eða meistaraprófi í kjólasaumi frá árinu 1971 til og með 2011.
Upplýsingar um sveinsprófstaka voru fengnar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og reyndust 195 einstaklingar hafa staðist sveinspróf í kjólasaumi á þessum fjörtíu árum. Hluti þessa hóps hefur síðan einnig uppfyllt skilyrði til að hljóta meistararéttindi.
Nauðsynleg gögn til að hafa uppi á þátttakendum fengust frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið heldur skrá yfir alla sem lokið hafa sveinsprófi. Rannsakandi fékk þessa skrá senda eftir að hafa haft samband við deildarsérfræðing í ráðuneytinu og kynnt verkefni sitt. Rannsakandi fann síðan sjálfur út núverandi heimisföng viðkomandi, farsímanúmer og netföng með hjálp þjóðskrár og ja.is.
Rannsakandi tilkynnti könnunina til persónuverndar.

3.2 Rannsóknaraðferð

Megindlegum aðferðum var beitt til að safna grunn upplýsingum um þátttakendur. Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir þýðið til að safna upplýsingum um hvort viðkomandi væri að vinna við iðngrein sína, kanna viðhorf til námsins og hvort viðkomandi hefði lokið annarri menntun og þá hvaða. Spurningakönnun er einnig góð leið til að safna ýmsum grunnupplýsingum eins og t.d. upplýsingum um aldur, búsetu og hjúskaparstöðu. Þegar svörin eru keyrð í greiningarforritum eins og *PSPP* er hægt að krosskeyra ýmsar breytur. Þar sem engin sambærileg könnun hefur áður verið framkvæmd komu fram áður ómældir þættir og gildi rannsóknarinnar því ótvírætt fyrir iðngreinina.

Helsti kosturinn við rafræna könnun er að öll svör safnast saman í einn gagnagrunn og eftirvinnslan því mun einfaldari en þegar um pappírskannanir er að ræða. Fyrir svarendur er líka mun þægilegra að fá kannanir sendar á netfang sitt og geta svarað þegar þeim hentar innan tímarammans. Þegar kannanir eru sendar beint á netföng viðkomandi má líka ætla að litlar líkur séu á því að annar en sá sem þær eru ætlaðar svari þeim.
Helsti gallinn við að senda rafrænan spurningalista er sá að rannsakandi gat ekki fylgt spurningalistunum eftir og veit þess vegna ekki hvort allir þátttakendur hafi skilið til hvers var ætlast af þeim. Þar sem rannsakandi fékk þó nær engar athugasemdir og þátttaka var 87%, má draga þá ályktun að þátttakendur hafi ekki átt í miklum vandræðum með að svara. Ekki er þó hægt að útiloka að einhverjir hafi gefist upp og ekki haft fyrir því að leita aðstoðar.

Til að svara undirspurningunum í rannsókninni reyndist nauðsynlegt að beita einnig eigindlegum rannsóknaraðferðum og taka einstaklingsviðtöl. Viðtölin dýpkuðu rannsóknina og reyndust betur til þess fallin að ná fram persónulegum viðhorfum sem erfitt er að greina með spurningalistum eingöngu[7] .
Sú staðreynd að rannsakandi er kjólameistari kann að vera bæði kostur og galli. Kostur að því leiti að án þessa bakgrunns hefði rannsakandi hvorki þekkingu, né nægan áhuga á viðfangsefninu til að spyrja réttu spurninganna. Rannsakandi hefur yfirgripsmikla reynslu og þekkingu á iðninni eftir að hafa starfað á þriðja áratug í greininni. Þessi reynsla nær allt frá því að hafa sinnt kúnnasaum og faggreinakennslu yfir í að hafa starfað við framleiðslustýringu og sniðagerð í fataverksmiðjum. Reynslan hefur gert það að verkum að rannsakandi áttar sig betur á því hvaða spurninga þarf að spyrja til að komast að því hvort námið er að uppfylla þarfir atvinnumarkaðarins, eða hversvegna þátttakendur hefja fljótlega annað nám eða starfa í alls óskyldum greinum.
Hinsvegar þurfti rannsakandi að varast að gefa sér niðurstöður fyrirfram, heldur draga varfærnar ályktanir útfrá þeim niðurstöðum sem raunverulega koma fram þegar spurningalistar og viðtöl eru greind.

Hvað varðar samanburð á könnunum sem gerðar voru meðal fagmanna í hársnyrtigreinum og málm- og véltæknigreinum gæti það talist ókostur að rannsakandi hafði niðurstöður þessara kannanna ekki undir höndum þegar spurningalistinn fyrir kjólameistarana og sveinana var

[7]Við undirbúining viðtalanna var stuðst við bók Creswell *Qualitative inquiry & research design Choosing among five approaches*.

útbúinn. Þessvegna eru þeir ekki að öllu leyti samanburðarhæfir þar sem ekki er í öllum tilfellum spurt um sömu atriðin.

Það má þó einnig teljast kostur því spurningalistinn sem útbúinn var fyrir kjólameistarana og sveinana er því á engan hátt „litaður“ af þeim fyrri. Rannsakandi lagði einungis áherslu á að útbúa spurningar sem veittu svör við rannsóknarspurningunum.

3.3 Uppbygging og form spurningakönnunar og viðtala

Spurningakönnunin var sett upp í *Lime survey* forritinu og hún síðan send rafrænt á netföng þýðisins. Þegar þátttakendur opnuðu könnunina birtist fyrst upplýsingabréf þar sem tilgangi hennar og helstu markmiðum var lýst. Svarendum var einnig gefinn kostur á að hringja í rannsakanda eða senda tölvupóst ef þeir hefðu frekari spurningar. Einnig var greint frá því að ef spurningar voru stjörnumerktar (*) var ekki hægt að komast á næstu spurningu nema merkt hefði verið í einhvern svarmöguleika í spurningunni á undan. Þetta átti þó einungis við í upphafsspurningunum og þegar neikvætt svar kallaði eftir nánari útskýringu í næstu spurningu á eftir.

Könnunin innihélt alls 18 spurningar. Upphafsspurningarnar voru bakgrunnsspurningar og veittu grunnupplýsingar um svarendur, eins og aldur, námslok, hvort svarendur hefðu aflað sér iðnmeistararéttinda og annað nám sem svarendur höfðu lokið. Síðan tóku við afstöðuspurningar sem voru fjölvalsspurningar og vörðuðu afstöðu til atvinnumöguleika í greininni. Spurt var hvort svarendur gætu mælt með þessu námi. Ein afstöðuspurning snéri að því að svarendur voru beðnir um að meta gæði iðnnámsins sem þeir höfðu aflað sér. Spurningin var í fimm liðum og svarmöguleikar fyrir hvern lið settir á fimm arma *Likert kvarða*[8].

Sumar fjölvalsspurningarnar voru þess eðlis að svarendur máttu merkja við fleiri en einn valmöguleika en í öðrum átti aðeins að merkja við einn möguleika. Í nokkrum tilfellum höfðu svarendur tækifæri til að merkja við liðinn, annað, þar sem þeir áttu kost á að skýra afstöðu sína betur. Einnig voru tvær opnar spurningar í könnuninni. Í lok könnunarinnar voru spurningar sem vörðuðu bakgrunn svarenda og snéru bæði að stöðu þeirra á vinnumarkaði og heimilisaðstæðum. Könnunina í heild má sjá í viðauka I.

[8] Hentugt er að nota Likert kvarða í spurningakönnunum þegar fólk er beðið um að taka afstöðu til tiltekinna fullyrðinga. Svarendur tjá þá skoðun sína með því að staðsetja sig á kvarða sem hefur samfelldan stigsmun milli gilda.

Viðtölin voru tekin eftir að unnið hafði verið úr niðurstöðum spurningakönnunarinnar. Þegar rannsakandi hafði rýnt í tölfræðilegar niðurstöður voru nokkrir þættir sem honum fannst vert að skoða nánar og fá persónuleg svör við, með því að sitja augliti til auglitis við viðmælendur.

Viðtölin hófust á því að viðmælandi greindi stuttlega frá sínu lífshlaupi. Rannsakandi hafði síðan áhuga á að vita hvers vegna viðkomandi nám hefði verið valið og hvort eitthvað annað hefði komið til greina. Spurt var hvernig námið hefði nýst, hvort þær teldu ástæðu til að endurskoða það á einhvern hátt og hverjar líkurnar væru á að viðkomandi myndi haga vali sínu eins í dag væri hann að hefja nám. Leitað var svara við því hvað réði því helst hvort viðmælandi væri starfandi í faginu og hvort námið væri vanmetið á vinnumarkaðinum. Viðmælendur veltu einnig fyrir sér hvort sú staðreynd að eingöngu kvenfólk hefði útskrifast fram til ársins 2011 og kjólameistarar því kvennastétt, hefði eitthvað með það að gera að starfið væri frekar vanmetið með tilliti til launa. Spurningarammann má sjá í viðauka II.

3.4 Framkvæmd spurningakönnunar

Í þýðinu voru 195 einstaklingar. Þrjár konur reyndust vera látnar og sautján búsettar erlendis. Alls tókst þó að hafa uppi á tólf af þeim konum sem búsettar eru erlendis með hjálp samskiptasíðunnar Facebook.

Rannsakandi fékk í hendur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu nafnalista þeirra sem útskrifast hafa og byrjaði á því að finna símanúmer einstaklinganna. Síðan var hafist handa við að finna netföng viðkomandi. Hluti af hópnum eru skráðir félagar í Klæðskera- og kjólameistarafélagið, netföng þeirra fékk rannsakandi úr félagaskrá. Rannsakandi hafði samband við einstaklinga úr hinum ýmsu útskriftarárgöngum til að kanna hvort til væri netfangaskrá fyrir viðkomandi hóp. Sú leit bar misjafnan árangur og að lokum hringdi rannsakandi í þá einstaklinga sem vantaði netföng hjá, kynnti sig og rannsóknina og fékk netföng hjá viðkomandi. Rannsakandi fékk undantekningarlaust mjög góð viðbrögð við þessum símtölum. Könnunin, eða upplýsingar um hana, bárust því alls til 185 einstaklinga. Þrír einstaklingar óskuðu eftir að fá könnunina senda á pappír og var brugðist við þeirri bón.

Könnunin var send út á rafrænu formi 27. mars 2012 og stóð til og með 3. apríl 2012. Kynningarbréf fylgdi spurningalistanum þar sem þátttakendum var gerð grein fyrir því hvers

eðlis könnunin væri og jafnframt gerð grein fyrir því að þeim bæri ekki skylda til að svara henni. Á þriðja degi eftir að könnunin var send út fengu þátttakendur smáskilaboð, sms, þar sem þeir voru minntir á könnunina og jafnframt þakkað fyrir svörunina ef þeir voru búnir að svara.

3.5 Framkvæmd viðtala

Þrátt fyrir mjög góða þátttöku, 87% svarhlutfall, í spurningakönuninni hafði rannsakandi hug á að kafa dýpra í hugarheim þátttakanda og taka nokkur einstaklingsviðtöl til að fá persónulegri svör við þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í upphafi .

Tölvupóstur var því sendur á allt þýðið, í september 2012, þar sem þátttakendum var enn á ný þakkað fyrir góða svörun í spurningakönnuninni og jafnframt kannað hvort viðtakendur hefðu hug á að mæta í viðtal.

Rúmlega 30 konur svöruðu póstinum og voru tilbúnar til viðtals en rannsakandi hugðist taka sex til átta viðtöl. Rannsakandi flokkaði þær sem áhuga höfðu á að veita viðtöl eftir útskrifarári þeirra og gat þannig valið viðmælendur sem útskrifast höfðu á síðastliðnum fjórum áratugum.

Rannsakandi hafði samband við konurnar símleiðis og þær völdu hvort þær vildu að viðtalið færi fram á kaffihúsi eða í heimahúsi. Viðtölin voru hljóðrituð og hver kona fékk í hendur upplýsingabréf sem hún undirritaði og veitti um leið rannsakanda samþykki sitt til að nýta þær niðurstöður sem fram kæmu en með nafnleynd þannig að þær yrðu órekjanlegar. Nöfnin sem birtast á eftir tilvitnunum í viðtölin í kafla fjögur eru því nöfn sem rannsakandi hefur gefið þeim.

3.6 Úrvinnsla gagna

Eins og áður hefur komið fram var heildarfjöldi þýðisins 185 konur. Gögnin sem nýtt voru við úrvinnslu könnunarinnar eru svör sem bárust frá 161 þátttakanda. Svargögn voru flutt úr *Lime survey* spurningaforritinu yfir í *Microsoft Excel* töflureikni og í *PSPP* forritið. Alls voru breytur 95 talsins.

Þýðið var lítið og spurningar ekki þess eðlis að vert þætti að gera marktektarpróf eða reikna fylgni. Einungis var því stuðst við lýsandi tölfræði (*ens. descriptive statistics*) til að prófa frumniðurstöður og síðan var einnig stuðst við krosskeyrslur þar sem kannað var hvort afstaða iðnmeistara væri önnur en sveina (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005).

Átta einstaklingsviðtöl voru tekin á tímabilinu frá 23. september – 16. október 2012 og þau síðan skráð og þemagreind með hjálp *NVIVO* forritsins. Þemun voru mótuð út frá rannsóknarspurningunum sem greint var frá í kafla 1.2.

4 Niðurstöður

Til að svara rannóknarspurningunum sem settar voru fram í upphafi var rafrænn spurningalisti sendur út á allt þýðið. Svör bárust frá 161, þátttakanda sem er 87% svarhlutfall. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum með lýsingu í máli og myndum á frumniðurstöðum og með krosskeyrslum þar sem það á við.

4.1 Niðurstöður á myndrænu formi

Helstu niðurstöður eru settar fram myndrænt hér á eftir.



Mynd 1: Hvert er fæðingarár þitt? (Sp. 1)

Í upphafi könnunarinnar var spurt um fæðingarár svarenda. Fæðingarárum var skipt í tíu ára tímabil. Í ljós kom að flestir svarendur eru á aldursbilinu milli fertugs og fimmtugs. Meðalaldur svarenda er 44,7 ár. Helsta skýringin á því að færri hafa lokið þessu námi sem eru á aldursbilinu þrjátíu til fjörtíu ára kann að vera sú að þessum aldurshópi hefur staðið fjölbreyttara nám til boða eins og t.d. hönnunarnám á Bs. stigi við Listaháskóla Íslands.



Mynd 2: Hvaða ár laukst þú sveinsprófi í kjólasaumi? (Sp.2)

Næst var spurt um útskriftarár. Það er ekki mikill munur á þeim fjölda sem útskrifast á árabilinu frá 2002-2011 og þeirra sem útskrifast frá 1992-2001. Ástæða þess að mun færri útskrifast á árunum milli 1982-1991 er sú að á þeim tíma innritaði skólinn ekki nemendur á hverju ári.



Mynd 3: Ert þú handhafi meistarabréfs? (Sp. 3)

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru handhafar meistarabréfs kom í ljós að einungis þriðjungur hópsins hefur meistarabréf í höndum. Meistarahópurinn var síðan notaður við krosskeyrslur. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að allir sem útskrifuðust fram til ársins 1989 gátu öðlast meistararéttindi eftir að hafa unnið tilskilinn tíma undir handleiðslu meistara en þurftu ekki að sitja frekara nám í meistaraskóla. 33% svarenda luku námi fyrir þennan tíma en ekki er þó raunhæft að ætla að allir sem luku prófi fyrir árið 1989 hafi meistararéttindi.



Mynd 4: Hver var helsta ástæða þess að þú ert ekki handhafi meistarabréfs? (Sp. 4)

Hér má sjá helstu ástæður þess að svarendur hafa ekki náð sér í meistararéttindi. Einungis þeir sem svöruðu neitandi í spurningunni hér á undan svöruðu þessari spurningu eða nánast 2/3 hluti svarenda (65%). 3,1% svarenda uppfylla skilyrði en hafa ekki hirt um að fá meistarabréf í hendur. Liðlega 20% þeirra sem ekki hafa meistararéttindi eru ekki starfandi í faginu og önnur 20% líta svo á að það skipti engu máli að hafa þessi réttindi. Loks eru 16,5% sem gefa aðrar skýringar en þær eru helstar að enn hafi ekki unnist tími til að fara í meistaranámið. Hjá nokkrum stendur það til. Búseta hefur hamlað sumum þar sem nokkrir áfangar eru einungis kenndir í Reykjavík. Endurmenntunarskóli Tækniskólans hefur nú

brugðist við því og býður uppá dreifnám fyrir þá sem hyggjast ljúka iðnmeistararéttindum. Nokkrir nefna einnig að þeir hafi hafið annað óskylt nám strax að sveinsprófi loknu.



Mynd 5: Hver var helsta ástæða þess að þetta nám var valið? (Sp. 5)

Þegar spurt var um ástæðu þess að þetta nám var valið kemur í ljós að lang flestir eða 73,9% völdu þetta nám vegna þess að þeir töldu það innan áhugasviðs síns og gætu þar með sameinað áhugamál og vinnu. Hér máttu svarendur tilgreina alla þætti sem höfðu haft áhrif á valið. Næst á eftir kemur áhuginn á að læra sniðagerð en það nefna 44,1%. Rúmlega fimmtungur kveðst helst hafa haft áhuga á að fara í verknám og sama má segja um þá sem vildu eiga möguleika á að starfa sjálfstætt. Það helsta sem fram kom undir liðnum annað var að áhugi fyrir að skapa hafði alltaf verið til staðar. Áhugi á fötum og tísku og þetta var leið til að geta í framtíðinni hafið eigin framleiðslu. Einn svarandi hafði fengið nóg af háskólanámi og vildi prófa eitthvað nýtt. Önnur sagði einfaldlega „*Fædd og uppalin á saumastofu*“.

Næsta spurning var í fimm liðum. Svarendur voru beðnir um að hugsa til námsára sinna og meta eftirtalda þætti námsins með tilliti til gæða. Verklegrar kennslu í handverki, kennslu í sniðagerð, kennslu í stærðarbreytingu sniða, bóklegrar kennslu og vinnustaðaþjálfunar.



Mynd 6: Verkleg kennsla í handverki (Sp. 6A)

Fyrst var spurt hvort verkleg kennsla í handverki hefði verið nógu góð til að viðkomandi hefði verið fær um að taka að sér flest verk að námi loknu. Tæplega 93% svarenda töldu verklega kennslu í handverki hafa verið mjög- eða ferkar góða. 5,2% töldu hana hafa verið í lagi og einungis 1,4% töldu hana hafa verið frekar- eða mjög slaka. 0,7% svöruðu ekki spurningunni. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda telur sig standa vel hvað handverksþekkingu varðar.



Mynd 7: Kennsla í sniðagerð (Sp. 6B)

Næst var spurt um verklega kennslu í sniðagerð og þá hvort svarendur hefðu verið færir um að útfæra snið hjálparlaust að námi loknu. Verkleg kennsla í sniðagerð fékk ekki alveg eins góða dóma en þó töldu 83,6% hana hafa verið mjög- eða frekar góða. 11,1% telur hana hafa verið í lagi og 4,6% frekar- eða mjög slaka. 0,7% svöruðu ekki spurningunni.



Mynd 8: Kennsla í stærðarbreytingum sniða (Sp. 6C)

Þegar spurt var um kennslu í stærðarbreytingum sniða (graderingu), og þá hvort svarendur voru færir um að vinna hjálparlaust að stærðarbreytingum að námi loknu, verður dreifingin mun meiri. Einungis rösklega helmingur svarenda eða 52,3% telja kennsluna hafa verið mjög- eða frekar góða, rösklega fjórðungur svarenda telur hana hafa verið í lagi og fimmtungur eða 19,5% telja kennsluna hafa verið frekar- eða mjög slaka og 0,7% svara ekki spurningunni.



Mynd 9: Bókleg kennsla (Sp. 6D)

Bóklega kennslu telur rúmlega helmingur svarenda eða 56,2% hafa verið mjög- eða frekar góða og rösklega þriðjungur eða 34% að hún hafi verið í lagi. 9,1% telja hana hinsvegar hafa verið mjög- eða frekar slaka og 0,7% svara ekki spurninguni.



Mynd 10: Vinnustaðaþjálfun (Sp. 6E)

Vinnustaðaþjálfun, hér var spurt hvort þjálfunin hefði verið fjölbreytt. Rúmlega helmingur eða 55,6% telur hana hafa verið mjög- eða frekar góða. Tæplega fjórðungur eða 23,5% telur

hana í lagi fimmtungur eða 20,2% telur hana hafa verið frekar- eða mjög slaka og 0,7% svara ekki spurningunni.



Mynd 11: Hvaða prófgráðu hefur þú lokið? (Sp. 7)

Hér gátu svarendur hakað við fleiri en einn möguleika þannig að svarendur sem höfðu t.d. bæði lokið sveins- og stúdentsprófi merktu við bæði. Fyrirfram var þó vitað að allt þýðið hafði lokið sveinsprófi í kjólasaumi. 22,4% svarenda hafa lokið grunnnámi í háskóla (Ba, BS, BEd eða sambærilegu námi). Líklegt má telja að stór hluti þessa hóps hafi snúið baki við iðngreininni. Liðlega 8% af iðnmeisturunum hafa lokið kennnsluréttindanámi og 3,1% hafa lokið meistaranámi frá háskóla. 11,2% merktu við annað en þar kom fram að nokkuð er um að svarendur eru skráðir í háskólanám. Margir hafa lokið öðru sérnámi og var þar t.d nefnt sjúkraliðanám, þroskaþjálfanám, leiðsögunám, ferðamálanám, hönnunarnám og myndlistarnám.



Mynd 12: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með þessu námi? (Sp. 8)

Viðhorf svarenda til iðngreinarinnar er nokkuð jákvætt en tæplega 68% svarenda telja mjög- eða frekar líklegt að þeir myndu mæla með þessu námi. 24,2% eru hlutlausir en einungis 7,2% telja frekar- eða mjög ólíklegt að þeir myndu mæla með náminu. 0,7% svara ekki.



Mynd 13: Að námi loknu tel ég að atvinnumöguleikar mínir, í faginu, hafi verið: (Sp. 10)

Þegar svarendur voru spurðir um atvinnumöguleika að námi loknu kom í ljós að 23,7% töldu þá hafa verið mun- eða frekar betri en þeir áttu von á. Um það bil helmingur eða 50,6% segir þá hafa verið eins og þeir áttu von á og um það bil fjórðungur svarenda eða 25,7% telur þá hafa verið frekar- eða mun verri en þeir áttu von á.



Mynd 14: Starfar þú við iðn þína í dag? (sp. 11)

Þegar spurt var hvort svarendur störfuðu við iðn sína í dag kom í ljós að liðlega helmingur svarenda eða 56,5% eru starfandi við iðnina og þá annað hvort sjálfstætt starfandi eða sem launþegar. 43,5% reyndust hinsvegar ekki gegna starfi sem tengdist iðninni á nokkurn hátt.

Þeir sem svöruðu því til að vera ekki starfandi við fagið voru beðnir um að segja frá starfsheiti sínu. Þegar lesið var í gegnum þann lista kom í ljós að kjólameistarar og sveinar leynast víða því úr þessum hópi eru, í dag, starfandi viðskiptafræðingar, grunnskólakennarar, bókarar, verlsunarstjórar, flugfreyjur, lögregla, lögmaður, þjónustufulltrúar, stuðningsfulltrúar, húsmæður, verslunarmenn, ferðaráðgjafi og dagmamma.



Mynd 15: Hver er ástæða þess að þú starfar ekki við iðn þína í dag? (Sp. 12)

Þeir sem svöruðu því til að vera ekki starfandi við iðnina voru spurðir um ástæðu þess og áttu þess kost að merkja við fleiri en einn lið. Þá kom í ljós að algengasta ástæða þess var sú að viðkomandi hafði lokið öðru námi og starfaði á þeim vettvangi í dag, eða rúmlega fimmtungur svarenda, 21,1%. 12,4% töldu að öll vinna sem í boði væri í þessum geira væri illa launuð og 6,2% að það hefði verið erfitt að fá vinnu í greininni. 4,4% sögðust ekki hafa heilsu til að vinna við iðnina og 2,5% ekki hafa tækifæri til þess vegna búsetu sinnar. Einungis 0,6% svarenda eru búnir að ljúka starfsævinni.

Undir liðnum annað kom helst fram að heimilisaðstæður væru þannig að það hentaði illa að vinna við iðnina. Fram kom að tekjur væru ekki nógu stöðugar þegar starfað væri sjálfstætt og einnig var nefnt að einyrkjastarf væri ekki áhugavert. Margir töldu sig þó ekki hafa snúið baki við iðngreininni og gátu vel hugsað sér að snúa aftur seinna meir.



Mynd 16: Hversu löng er vinnuvika þín ? (Sp. 13)

Þegar spurt var um lengd vinnuviku kemur í ljós að rúmlega helmingur svarenda, eða 54,1%, vinnur 40 klukkustundir eða meira á viku og 68,2% vinna 35 klukkustundir eða meira á viku. 13,5% eru ekki í launaðri vinnu og 5,4% vinna minna en 20 klukkustundir á viku.



Mynd 17: Hversu lengi hefur þú starfað við iðn þína? (Sp. 14)

Þegar spurt var hversu lengi svarendur hefðu starfað við iðnina kom í ljós að 37,1% höfðu starfað skemur en fimm ár í faginu og 60,9% í tíu ár eða skemur. 24% höfðu starfað í faginu í ellefu til tuttugu ár og 13,5% áttu tuttugu og eitt ár eða meira að baki í faginu. 2,7% höfðu lokið starfsævinni.

Spurning fimmtán var opin spurning þar sem svarendur voru beðnir um að nefna helstu styrkleika sína eftir að hafa lokið þessu námi. 60% svarenda greindu frá því hverja þeir töldu vera sína helstu styrkleika.

Nær undantekningarlaust töldu svarendur sig vera góða fagmenn bæði í saumaskap og sniðagerð. Hafa yfirgripsmikla þekkingu, vera agaða og þolinmóða, sjálfsörugga og með verkkunnáttuna á hreinu. Einnig kom fram að gæðavitundin væri sterk.

Einn svarandi hafði þetta að segja. *„Ber gott skynbragð á vandaða hluti, vanvirk, nákvæm og get saumað flest allt.“* Önnur sagði. *„Námið er strangt og tímafrekt. Eftir námið fór ég í listnám og aðalstyrkurinn var sá að geta útfært hugmyndir.“* Enn önnur undirstrikaði gæðavitund sína með þessum orðum. *„Sjálfstæði í vinnubrögðum og hef lært að treysta á sjálfa mig og ég skil hvernig verðmæti verða til.“*

Ljóst er að sumir líta á það sem ákveðið frelsi að hafa stundað nám í iðn sem hægt er að *vinna* sjálfstætt að. *„…vinnan mín er þar sem ég er , því get ég séð fyrir mér með vinnunni.“*

4.2 Afstaða iðnmeistara

Myndirnar sem hér fara á eftir sýna afstöðu þeirra iðnmeistara sem þátt tóku í könnuninni. Það er áhugavert að skoða hvort þeir þátttakendur sem hafa iðnmeistarréttindi hafi t.d. aðra afstöðu til gæða námsins. Hvort þeir starfi frekar sjálfstætt eða alls ekki í greininni.



Mynd 18: Handhafar meistarabréfa m.v. útskriftarár (Sp. 2 vs. Sp. 3)

Eins og áður hefur komið fram (mynd 3.) eru 33% svarenda handhafar meistarabréfs. Með því að bera saman fjölda útgefinna meistarabréfa og fjölda sveinsbréfa eftir árum kemur í ljós að hlutfallslega fleiri hafa meistarabréf sem útskrifuðust eftir „gamla“ kerfinu (fyrir árið 1989) og þurftu ekki að sækja Meistaraskóla til að fá réttindi. Þetta kemur ekki á óvart en það er hinsvegar sláandi að samkvæmt þessum tölum hafa einungis tæplega 15% þeirra sem útskrifuðust á árunum 1992 – 2001 öðlast meistararéttindi. Helstu ástæður þessa má þó rekja til þess að eins og fram kom á mynd fjögur eru 21,1% þeirra sem ekki hafa meistarabréf ekki starfandi í faginu og 19,9% finnst það ekki skipta neinu máli að hafa meistararéttindi.



Mynd 19: Fjöldi meistarabréfa m.v. ástæðu fyrir vali náms (Sp. 5 vs. Sp. 3)

Í spurningu fimm (mynd 5.) var spurt um ástæðu þess að þetta nám var valið. Svarendur gátu merkt við allt sem hafði haft áhrif á valið en lang flestir eða 73,9% völdu þetta nám vegna þess að þeim hafði alltaf þótt gaman að sauma. 44,1% nefndu að löngunin til að læra sniðagerð hefði ráðið valinu. Þegar haft er í huga að fjöldi meistara í þýðinu er þriðjungur kemur í ljós að hlutfallslega fleiri sem hafa meistararéttindi nefna áhugann á að fara í iðnnám sem ástæðu valsins en heildin.



Mynd 20: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða verklegrar kennslu (Sp. 6A vs. Sp. 3)

Þegar skoðuð er afstaða þeirra sem hafa iðnmeistararéttindi til gæða verklegrar kennslu kemur í ljós að hærra hlutfall þeirra sem hafa iðnmeistararéttindi telja kennsluna hafa verið mjög góða. Hinsvegar er athyglisvert að einungis iðnmeistarar telja hana hafa verið mjög slaka. Hér er þó úrtakið mjög lítið þannig að varast ber að draga of miklar ályktanir af þessu.



Mynd 21: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða kennslu í sniðagerð (Sp. 6B vs. Sp. 3)

Það sama á við þegar afstaða til gæða kennslu í sniðagerð er skoðuð. Þeir sem hafa iðnmeistararéttindi eru hlutfallslega fleiri sem telja kennsluna hafa verið mjög góða.



Mynd 22: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða kennslu í stærðabreytingum sniða (Sp. 6C vs. Sp. 3)

Þegar afstaða iðnmeistara til kennslu í stærðarbreytingum sniða er skoðuð kemur í ljós að þar sem einungis þriðjungur þýðisins hefur meistararéttindi eru meistararnir jákvæðari en sveinarnir gagnvart kennslunni þar sem einungis 17,1% af sveinunum telur kennsluna hafa verið mjög góða en 30,2% þeirra sem eru með meistararéttindi.



Mynd 23: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða bóklegrar kennslu (Sp. 6D vs. Sp. 3)

Afstaða til bóklegarar kennslu virðist heldur ekki hafa áhrif á það hvort nemendur hafi lokið iðnmeistararéttindum. Hér er ekki marktækur munur á svörum þeirra sem hafa iðnmeistara-réttindi.



Mynd 24: Munur á afstöðu iðnmeistara og sveina til gæða vinnustaðaþjálfunar (Sp. 6E vs. Sp. 3)

Þegar afstaða iðnmeistara til vinnustaðaþjálfunar er skoðuð kemur í ljós að þeir taka ákveðnari afstöðu en heildin. Ívið hærra hlutfall meistara telur hana mjög góða en síðan eru hlutfallslega fleiri meistarar sem telja hana hafa verið frekar- eða mjög slaka.



Mynd 25: Mæla iðnmeistarar með náminu? (Sp. 8 vs. sp.3)

Iðnmeistarar eru líklegri til að mæla með faginu heldur en sveinarnir. Það þarf þó ekki að koma á óvart þar sem meistararnir eru líklegri til að hafa haldist starfandi við fagið.



Mynd 26: Afstaða meistara til atvinnumöguleika í faginu. (Sp. 10 vs sp. 3)

Hér er afgerandi munur á afstöðu iðnmeistara og sveina. Hlutfallslega fleiri iðnmeistarar, eða 28,3% telja atvinnumöguleika að námi loknu hafa verið mun betri eða frekar betri, en þeir áttu von á. Hinsvegar telja einungis 21% sveinanna að atvinnumöguleikar þeirra hafi verið mun- eða frekar betri en þeir áttu von á. Hér má líka leiða líkur að því að þeir sem ná sér í iðnmeistararéttindi séu líklegri til að ætla að halda tryggð við fagið.



Mynd 27: Samanburður á iðnmeisturum og sveinum sem eru starfandi við iðnina (Sp. 11 vs. Sp.3)

35% iðnmeistaranna sem þátt tóku í könnuninni starfa ekki við iðn sína í dag á meðan 50,2% þeirra sem einungis hafa lokið sveinsprófi eru ekki starfandi. Þeir þátttakendur sem ekki starfa við iðnina voru spurðir hvers vegna. Þá kom í ljós að þeir sem lokið höfðu iðnmeistaraprófi höfðu allir starfað eitthvað við iðnina. Sumir litu svo á að þeir hefðu tímabundið horfið til annarra starfa. Aðrir höfðu farið í annað nám og störfuðu á þeim vettvangi í dag. 34% meistaranna starfa sjálfstætt við iðn sína. Nokkuð er um að iðnmeistarar hafi einnig kennsluréttindi og starfi við kennslu. Þeir meistarar flokkast því sem launþegar í þessari könnun.



	Ég er ekki í launaðri vinnu	Minna en 20 klst.	20 - 24 klst.	25 - 29 klst.	30 - 34 klst.	35 - 39 klst.	40 klst. eða meira
Nei, ekki starfandi við iðn	13,5%	2,4%	1,2%	2,7%	1,8%	6,2%	23,5%
Já, Launþegi	0,0%	1,2%	0,6%	1,3%	0,9%	3,1%	11,7%
Já, Sjálfstætt starfandi	0,0%	1,9%	0,9%	2,1%	1,4%	4,9%	18,8%

Mynd 28: Lengd vinnuviku eftir stöðu á vinnumarkaði. (Sp. 13. vs sp. 11 a,b og c)

Þegar lengd vinnuviku er skoðuð kemur í ljós að hærra hlutfall þeirra sem ekki eru starfandi í faginu vinna 40 klukkustunda vinnuviku eða meira en þeir sem eru sjálfstætt starfandi. Vinnuvika launþeganna í faginu sker sig úr að því leiti að lítið virðist vera um hlutastörf. Athygli vekur einnig hversu hátt hlutfall sjálfstætt starfandi vinnur 20 klukkustundir eða minna á viku. Hluti þessa hóps gæti einnig stundað aðra vinnu eða þarf ekki á þessari vinnu að halda til framfærslu. 13,5% þeirra sem ekki eru starfandi í faginu stunda enga launaða vinnu.



Mynd 29: Samanburður á starfsaldri og sjálfstætt starfandi. (Sp. 14 vs sp. 11a)

Á þessum samanburði er ljóst að tæplega 55% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi hafa verið það í 10 ár eða skemur. Einungis 13% hafa verið sjálfstætt starfandi í 21. ár eða lengur. Helsta ástæða þess að svarendur endast ekki í sjálfstæðum rekstri er ótryggt rekstrarumhverfi.



	Ekkert svar	0 - 19%	20 - 39%	40 - 59%	60 - 79%	80 - 100%
Ekki starfandi við iðnina		5,4%	9,6%	16,4%	1,9%	10,2%
Launþegar starfandi við iðnina		0,0%	6,6%	9,5%	1,8%	3,8%
Sjálfstætt starfandi við iðnina		6,0%	10,8%	7,9%	4,6%	5,5%
Allir	0,7%	13,5%	25,0%	33,1%	9,5%	18,2%

Mynd 30: Samanburður á heildartekjuöflun heimilisins. (Sp. 18 vs sp.11a, b,og c)

Þegar þessar tölur eru rýndar kemur í ljós að einungis tæp 16% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi afla 80-100% af tekjum heimilisins á meðan 23,4% þeirra sem ekki eru starfandi í faginu afla 80-100% af heildartekjum heimilisins. Tæplega 32% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi afla á bilinu 20-39% af tekjum heimilisins en það er í samræmi við stutta vinnuviku hjá mörgum sem eru sjálfstætt starfandi. (Sjá mynd 28).



Mynd 31: Fjöldi í heimili hjá sjálfstætt starfandi. (Sp. 16 vs sp. 11)

Svarendur voru spurðir hversu margir byggju á heimili þeirra að þeim meðtöldum. Meðal fjöldi heimilismanna reyndist vera 3,3 sem er nálægt meðaltali Hagstofunnar. 57,4% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi hafa á bilinu einn til þrjá í heimili. 29,9% þeirra sem hafa fjóra í heimili eru sjálfstætt starfandi en eftir því sem heimilisfólki fjölgar er ólíklegra að viðkomandi sé sjálfstætt starfandi. Það ætti vissulega að geta aukið svigrúm að vera sjálfstætt starfandi en á móti kemur að tekjuöflun er mun ótryggari og því ekki alltaf fýsilegur kostur.



Mynd 32: Fjöldi barna undir 18 ára í heimili hjá þeim sem eru sjálfstætt starfandi.

(Sp. 17 vs sp.11)

Það þarf ekki að koma á óvart að eftir því sem fjöldi barna á heimili eykst minnka líkur á að svarendur séu sjálfstætt starfandi. Meðalfjöldi barna hjá svarendum var 1,1 barn. Tæplega 90% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi hafa 0 – 2 börn á framfæri.

4.3 Samantekt niðurstaðna úr spurningakönnun og viðtölum

Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr einstaklingsviðtölum sem tekin voru við átta kjólameistara og sveina. Tilgangurinn með viðtölunum var að kanna hvort viðhorf þessara kvenna kæmu heim og saman við helstu niðurstöður úr spurningakönnuninni. Viðtölunum var einnig ætlað að dýpka rannsóknina þar sem viðtölin endurspegla persónulegar skoðanir sem ekki er hægt að ná fram með staðlaðri spurningakönnun. Eftirleiðis þegar vísað er til samanburðarhópa er vísað í niðurstöður úr könnunum sem gerðar voru meðal fagfólks í hársnyrtiiðnum og málm- og véltækniiðnum. Þessar kannanir voru einnig kynntar í köflum 2.4.1 og 2.4.2.

4.3.1 Helstu ástæður námsvals

Rannsakandi hafði hug á að kafa dýpra í hugarheim nokkurra kvenna sem lokið höfðu námi í kjólasaumi og fá að vita raunverulega ástæðu þess að þær ákváðu að nema þessa iðngrein.

Samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunarinnar sögðust 73,9% svarenda hafa valið þetta nám vegna þess að þær töldu það innan áhugasviðs síns og gætu með því sameinað áhugamál og vinnu. Næst á eftir kom áhuginn á að læra sniðagerð en það nefndu 44,1%. Rúmlega fimmtungur kvaðst helst hafa haft áhuga á að fara í verknám og sama má segja um þær sem vildu eiga möguleika á að starfa sjálfstætt. Það helsta sem fram kom undir liðnum annað var að áhugi fyrir að skapa hafði alltaf verið til staðar. Áhugi á fötum og tísku og svarendur litu á þetta nám sem leið til að geta í framtíðinni hafið eigin framleiðslu.

Svörin sem fram komu í viðtölunum báru þessu enn frekar vitni og ekki ýkja mikill munur á svörum viðmælenda þó svo aldursbil þeirra sé breytt.

> ...þá hefur mér alltaf gengið vel að vinna með höndunum. Ég var reyndar sett í fóstur og ólst upp í fátækt þannig að það var alltaf verið að nýta það sem til féll. [Ártal] byrjaði ég svo að vinna hjá [nafn á fyrirtæki] og saumaði [nafn á fatamerki] jakkaföt. Mamma mín sá svo auglýsingu þar sem auglýst var eftir nemum í [nafn á fyrirtæki]. Mömmu fannst skynsamlegt að fara á samning fá smá laun um leið og ég væri að ná mér í réttindi. Það voru 37 sem sóttu um en ég komst á samning (Arna).

> Já, mamma var mikil handavinnukona og systir hennar, ég man nú ekkert eftir því hvort ég hafi horft á hana en eflaust hef ég gert það en þetta bara vakti, frá því ég var pínulítil, ofboðslegan áhuga, en ég var ekki stelpan sem sat og teiknaði kjóla ég gerði það ekki ég var strax með skærin að klippa og sauma saman (Eydís).

> Ég held að þetta sé meðfætt, ég er alveg klár á því ...mamma og amma það saumuðu allir. Ég held að þetta sé bara eitthvað sem maður finnur strax og hefur áhuga á (Sæunn).

Hvatningin til að feta þessa braut virðist ekki endilega hafa verið markviss, frekar að saumahefð hafi verið til staðar í nær fjölskyldunni og stundum frekar af nauðsyn en áhuga. Hvort heldur það var mamma eða amma sem saumaði þá var áhugi vakinn sem síðan þróaðist og braust út í því að sauma dúkkuföt, breyta eigin fötum eða sauma á vinkonur.

Það má því draga þá ályktun að konur sem valið hafa þetta nám búi yfir svipuðum *habitus*. Eins og greint var frá í kafla 2.2.6 eru það bæði félagslegir og einstaklingsbundnir þættir sem móta *habitus* einstaklinganna. Á uppvaxtarárunum er einstaklingurinn sífellt að öðlast nýja reynslu og bæta við *habitus* sinn. Hann samsamar sig við það umhverfi sem hann elst upp við og lærir með því að fá að prófa.

> Örugglega bara vegna þess að ég var alltaf saumandi frá því að ég var bara 10 ára breytandi öllum fötum ef að mamma gaf mér nýja flík þá þurfti ég helst að klippa hana í sundur og breyta henni.

> Ég byrjaði bara mjög ung að hafa áhuga á saumaskap bara þegar ég var 5 ára eða yngri þá var ég strax farin að fá svona útsaumsdót og kláraði þetta bara strax mér fannst þetta bara svo skemmtilegt og var bara alltaf mikið að prjóna og hekla og sauma svo í 12 ára bekk fékk ég verðlaun fyrir handavinnu já og svo bara var þetta líka á unglingsárunum maður var ekki endilega að passa í öll föt og fannst ég þurfa að gera eitthvað sjálf (Unnur).

> Ég hafði verið að sauma frá því ég var unglingur eins og margar og ákvað að stökkva á þetta og svo komst ég áfram... (Dagný).

Þrátt fyrir það að bæði svörin í spurningakönnuninni og í viðtölunum beri þess merki að námið hafi verið valið til að sameina áhugamál og vinnu er athyglisvert að þegar kjólameistararnir eru bornir saman við iðnaðarmenn í hársnyrti- málm- og véltæknigreinum,

(sjá kafla 2.4.1 og 2.4.2), kemur í ljós að færri kjólameistarar hafa ílengst í starfi. Taflan hér að neðan sýnir hlutföll þeirra sem eru starfandi í þessum greinum.

	Kjólameistarar/sveinar	Hársnyrtigreinar	Málm- og véltæknigr.
Starfandi við iðn	56,50%	58,30%	75,00%
Ekki starfandi við iðn	43,50%	41,70%	25,00%

Tafla 1: Starfandi kjólameistarar og sveinar og samanburðarhópar

Munurinn á milli starfandi kjólameistara/sveina og starfandi fagfólks í hársnyrtigreinum er ekki mikill. Í Báðum þessum greinum er nær eingöngu starfandi kvenfólk, 6% svarenda í könnun hársnyrtigreina voru karlmenn. Áberandi hærra hlutfall er hinsvegar starfandi í málm- og véltæknigreiunum við iðn sína. Úrtak þeirra samanstóð af karlmönnum eingöngu. Konur sem hafa iðnréttindi virðast líklegri en karlar til að segja skilið við iðngrein sína. Hvað veldur því verður nánar skýrt í kafla 4.3.3 hér á eftir.

4.3.2 Væntingar til námsins og atvinnumöguleikar

Í öðrum hluta spurningakönnunarinnar var spurt um afstöðu til námsins og gæði mismunandi námsþátta. Svarendur voru beðnir um að svara með tilliti til þess hversu vel þeir hefðu verið í stakk búnir að vinna sjálfstætt eftir að út á vinnumarkaðinn var komið. Þar kom skýrt fram að svarendur voru ánægðastir með verklegu kennsluna (sjá mynd 6, bls. 44). Liðlega 93% töldu hana hafa verið mjög- eða frekar góða og þar á eftir sniðagerðina en liðlega 83% töldu hana hafa verið mjög- eða frekar góða (sjá mynd 7, bls. 44). Þegar kom síðan að því að meta stærðarbreytingu sniða (mynd 8, bls. 45), bóklega kennslu (mynd 9, bls. 45) og vinnustaðaþjálfun (mynd 10, bls. 46) urðu svarendur neikvæðari gagnvart kennslunni og einungis liðlega helmingur svarenda taldi kennsluna í þessum greinum hafa verið mjög eða frekar góða.

Þegar viðmælendur voru ynntir eftir þessum þáttum kom í ljós að þó svo að yfirgnæfandi meirihluti væri sammála því að vel hafi verið staðið að kennslu í handverki og sniðagerð. Viðmælendur voru hinsvegar langt frá því að vera á eitt sáttir um ágæti námsins þegar kom að því að meta hversu vel það fullnægi þörf vinnumarkaðarins. Það sem viðmælendur takast

helst á um er það hvort námið skuli frekar sniðið að því að undirbúa nemendur fyrir sérsaum eða leggja beri meiri áherslu á sniðagerð og vinnubrögð sem nýtast fyrst og fremst við fjöldaframleiðslu.

> ... sérsaumur mér finnst bara alls ekki að svona nám ætti að fókusa á sérsaum. Sérsaumur, er bara, mér finnst bara að þetta nám ætti að fókusa meira á að koma út fólki fyrir alvöru framleiðslu að vera að gera meira alvöru stærðir og meiri áhersla á stöðluð snið, útfæra útfrá stöðluðum stæðrum í staðinn fyrir að vera endalaust að gera grunn (Unnur).

Önnur hafði þetta að segja:

> Námið var skemmtilegt ég var alveg sátt við agann kunni að meta hann. Þá þroskaði þetta mig og ég virti það, lærði á því það var ekki málið, bara ramminn að mega ekki taka bóklegu fögin með. En ég var full af sjálfstrausti þegar náminu lauk og mér fannst ég tilbúin og klár í vinnuna (Eydís).

Þessi viðmælandi hafði hug á að taka stúdentspróf samhliða sveinsprófi en það stóð ekki til boða þegar viðkomandi var í námi. Í dag býðst nemendum Tækniskólans hinsvegar að stunda nám til stúdentsprófs samhliða iðnnámi.

Skilgreining námsins er ljós eins og fram kom í kafla 2.2.4. Náminu er ætlað að kenna grunnþætti iðnarinnar og eins og með allar aðrar iðngreinar skiptir verkleg þjálfun miklu máli. Hlutverk skólans hlýtur því alltaf fyrst og fremst að vera það að miðla undirstöðuþekkingu bæði í bóklegum og verklegum greinum.

Í heildina eru svarendur þó nokkuð jákvæðir gagnvart náminu og liðlega tveir af hverjum þremur segja það mjög- eða frekar líklegt að þeir myndu mæla með þessu námi (sjá mynd 12, bls. 48). Þessi jákvæðni kemur nokkuð á óvart þegar horft er til þess að svarendur eru almennt óánægðir með launakjör og telja nokkuð skorta á að virðing sé borin fyrir stéttinni almennt. Þó er þetta í samræmi við svörin úr spurningu níu, í spurningakönnuninni, sem var opin spurning þar sem svarendur voru spurðir að því hvort hátt hlutfall kvenna í fagstéttinni hefði haft einhver áhrif á námsval þeirra og ef svo á hvern hátt. Öll svörin voru á þann veg að það hefði ekki skipt nokkru máli. Svarendur sögðust eingöngu hafa valið þetta nám vegna þess að það þótti áhugavert.

Þegar viðmælendur í viðtölunum voru síðan spurðir hvort þær teldu að hátt hlutfall kvenna í stéttinni hefði áhrif á launakjör og almenna virðingu til stéttarinnar kom í ljós að allar voru þær sammála um að virðingin fyrir starfinu væri minni og launin lægri vegna þess að þetta væri kvennastétt.

> Já, konur saumuðu heima og svo fluttist þetta út fyrir heimilin og þá fannst fólki að þetta væri bara það sama og þær gerðu heima. Ég er viss um að ef kokkastarfið væri kvennastétt þá væri það líka illa launað. Kannski höfum við skapað þetta að hluta til sjálfar þar sem við höfum ekki haft næga trú á okkur (Sæunn).

> Þessi stétt er bara algjörlega að vanmeta sig bara miðað við nám og það sem við erum að læra þá eigum við að hafa sömu byrjunarlaun og sá sem er að koma úr viðskiptafræði (Unnur).

Hvað atvinnumöguleika varðar kom fram í spurningakönnuninni (mynd 13, bls.48) að 23,7% svarenda segja atvinnumöguleika hafa verið betri en þeir áttu von á og 50,7% segja þá hafa verið eins og þær áttu von á.

Þegar niðurstöður úr viðtölum eru skoðaðar kemur fram að viðmælendurnir hafa allir starfað við iðngrein sína og sumar nær alla starfsævi sína.

Þegar viðmiðunarhóparnir eru skoðaðir kemur í ljós að almenn ánægja er með gæði náms í hársnyrtigreinum, 73,6% svarenda telja að námið hafi búið þá mjög- eða frekar vel undir að starfa í faggreininni, 22,6% í meðallagi og einungis 3,8% telja að námið hafi búið þá frekar- eða mjög illa undir starfið.

Tæplega 31% þeirra sem ekki eru starfandi í faginu nefna helst að starfið hafi verið líkamlega erfitt og einungis 3,8% segjast hafa leitað í annað starf vegna lélegra launa. 13,5% starfa ekki við fagið þar sem þeir fóru í annað nám.

Í málm- og véltæknigreinum telja nánast þrír af hverjum fjórum að gæði náms hafi verið mikil. 74,6% svarenda telja að námið hafi búið þá mjög- eða frekar vel undir starf í faggreininni, 17,6% í meðallagi en 7,9% segjast hafa verið frekar- eða mjög illa undirbúnir.

Af þeim sem ekki eru starfandi í málm- og véltæknigreinum nefna einungis 3,4% að starfið hafi verið líkamlega erfitt. Rúmlega fjórðungur hefur menntað sig í öðru og annar fjórðungur segir að betra starf hafi boðist.

4.3.3 Tryggð við iðngreinina

Eins og fram kom á mynd 14 bls. 49 svara 56,5% játandi þegar spurt er hvort þær séu starfandi í faginu. Í þessum hópi eru bæði þær sem starfa sjálfstætt og launþegar. Í þessum hópi eru líka meðtaldar þær sem vinna störf sem kalla má „afleidd störf“. Það eru störf þar

sem námið nýtist á einhvern hátt þó svo að þess sé ekki krafist. Spurning átta (sjá mynd 12, bls. 48) var krosskeyrð við spurningu ellefu (sjá mynd 14, bls. 49) til að kanna hvort þær sem eru starfandi við fagið séu líklegri til að mæla með því. Í ljós kom að 76,6% þeirra sem eru sjálfstætt starfandi við fagið telja mjög- eða frekar líklegt að þær myndu mæla með náminu á meðan einungis 6,4% telja það frekar- eða mjög ólíklegt. 82,8% þeirra sem starfa sem launþegar við fagið telja mjög- eða frekar líklegt að þær myndu mæla með náminu, 17,2% segja það hvorki líklegt né ólíklegt og engin í þessum hópi taldi það mjög- eða frekar ólíklegt.

Af þeim sem ekki eru starfandi við fagið telja þó 58,6% mjög- eða frekar líklegt að þær myndu mæla með náminu og 10% þessa hóps telur frekar- eða mjög ólíklegt að þær myndu ekki mæla með því. Launþegar sem starfa við fagið eru því líklegastar til að mæla með náminu. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem þessi hópur býr yfirleitt við meira starfsöryggi en þær sem eru sjálfstætt starfandi við fagið.

Þær sem enn eru starfandi hafa náð að hasla sé völl innan greinarinnar bæði sem launþegar og sjálfstætt starfandi. Þessar konur hafa lagt meira upp úr því að fá að starfa við að skapa fremur en að láta stjórnast af launaumslaginu.

> Veit ekki mér finnst æðislegt í vinnunni en ég get ekki hugsað mér að vinna svona í einhverju fatafyrirtæki [fjöldaframleiðslu] ég hef reynt það og mér finnst það ekki gaman. Þannig að ég er mjög ánægð með [nafn á vinnustað] það fullnægir svoldið þörfum listamannsins. Maður fær svoldið útúr því að finna lausnir... (Sæunn).

> Mér finnst ég vera á æðislegum stað í dag, þetta er það sem mig langaði til að gera og vonandi gengur bara vel þetta er náttúrulega nýtt fyrirtæki (Gunnur).

Það að finnast æðislegt í vinnunni eins og þessir viðmælendur komast að orði er ekki lítils virði.

Í kafla 2.2.7 var skrifað um samspil menningar og menntunar. Sagt var frá helstu niðurstöðum í rannsókn Þorgerðar Einarsdóttur þar sem hún skoðaði sérgreinaval sænskra kvenlækna. Ein mikilvægasta niðurstaða Þorgerðar var sú að innihald sérgreinanna réði ekki mestu um val á þeim hjá konum. Þættir eins og virðing, menning og viðhorf hefðu mun meiri áhrif í þá átt að beina konum og körlum inn á ólík sérsvið í læknisfræðinni. Karlarnir virtust frekar velja sérgreinar eftir virðingarstigi þeirra á meðan konur völdu frekar eftir áhugasviði (Þorgerður Einarsdóttir, 2000).

Það virðist vera svipað uppi á teningnum þegar kjólameistarinn ákveður að halda tryggð við iðngreinina. Á mynd 5 (bls. 43) kom fram að 73,9% svarenda völdu námið vegna þess að þær höfðu alltaf haft gaman af því að sauma. Þessar konur voru ekki að velja námið vegna þess að þær teldu fjárhagsstöðu sína trygga að námi loknu, eða að borin yrði virðing fyrir þeim. Þær völdu nám sem hentaði áhugasviði þeirra því þær sáu framá að vinnan yrði skapandi og skemmtileg.

Taflan hér að neðan sýnir hversu líklegir kjólameistarar og sveinar og viðmiðunarhóparnir eru til að mæla með iðngrein sinni.

	Kjólameistarar/sveinar	Hársnyrtigreinar	Málm- og véltæknigr.
Mæla með iðngrein	67,90%	77,80%	83,50%
Mæla ekki með iðngrein	7,20%	12,60%	11,80%
Hvorki né	24,20%	9,60%	4,70%

Tafla 2: Hversu líklegir eru kjólameistarar og sveinar vs. samanburðarhópa til að mæla með iðngreininni?

Hér er áberandi að kjólameistarar og sveinar taka ekki eins afgerandi afstöðu og hinir hóparnir til þess hvort þeir myndu mæla með náminu. Nánast fjórðungur svarenda er hlutlaus. Svörin sýna þó að í málm- og véltæknigreinum þar sem flestir eru starfandi við iðn sína eru menn jafnframt líklegastir til að mæla með iðn sinni.

Þeir kjólameistarar og sveinar sem ekki treystu sér til að mæla með iðngreininni voru ekki spurðir hversvegna. Í hársnyrtigreinum var helsta ástæða þess að svarendur treystu sér ekki til að mæla með iðninni sú að vinnan væri líkamlega erfið og næst á eftir kom að hún væri illa launuð. Í málm- og véltæknigreinum var helsta ástæðan sem nefnd var léleg laun og þar á eftir að þetta væri hnignandi atvinnugrein.

4.3.4 Þær sem ekki starfa við iðnina

Þær sem ekki eru starfandi í faginu eiga það oftast sameiginlegt að hafa söðlað um og hafið annað nám eða hafa ekki getað sætt sig við launakjörin. Eins og fram kom á mynd 15, (bls. 50) er margt sem veldur því að viðkomandi er ekki að vinna við iðnina. Í töflunni hér að

neðan má sjá hvaða nám úrtakið í viðtölunum hefur að baki, umfram það að hafa lokið sveinsprófi í kjólasaumi.

	Áfangar í fram-halds-skóla	Stúdents-próf	Aðrar iðngreinar	Meistara-réttindi	Háskóla-nám	Kennslu-réttindanám	Sérnám (starfsréttindi)
Viðmælandi 1				X			X X
Viðmælandi 2		X		X	X		
Viðmælandi 3		X			Hóf nám		
Viðmælandi 4				X		X	X
Viðmælandi 5			X	X			X
Viðmælandi 6		X			X		X
Viðmælandi 7	X		X				
Viðmælandi 8				X			

Tafla 3: Nám sem viðmælendur rannsakanda eiga að baki

Þrír af viðmælendunum hafa lokið sveinsprófi bæði í kjólasaumi og klæðskurði og tvær stunda nú nám til að hljóta meistararéttindi. Einungis einn af viðmælendunum átta hafði ekki lokið neinu óskyldu námi.

Eins og fram kom á mynd 11, (bls. 47) hefur þýðið margvíslegt nám að baki og virðist ástæða fyrir vali á þessu námi fyrst og fremst hafa ráðist af áhuga fyrir því að skapa og nýta meðfædda hæfileika, eða hæfileika sem jafnvel hafa þróast ómeðvitað. Það er fátt sem stoppar þá sem á annað borð hafa áhuga á að stunda nám í að gera það. Gott aðgegni almennings að skólum landsins, lág skólagjöld og námslánakerfi sem verið hefur við líði í landinu síðastliðina áratugi eru væntanlega helstu ástæður þess. Það þarf því ekki að koma á óvart að kjólameistarar leiti í önnur störf þar sem stór hluti hópsins hefur aðra menntun að baki[9].

[9] Eins og fram kom í kafla 2.2.7 hér að framan er menningarlegt atferli nátengt menntunarstigi og áhrif skólagöngu eru nátengd félagslegum uppruna. Stór hluti þýðisins virðist eiga það sammerkt að hafa bætt ofaná fyrri *habitus* sinn með því að hafa nýtt sér almennt aðgengi að námi og námsvalið hefur fyrst og fremst ráðist af smekk viðkomandi fremur en virðingarstigi.

Habitus: „Áunnar venjur, hegðunarmynstur, hættir, smekkur og önnur óræð þekking sem tiltekinn hópur beitir orðlaust án rökrænnar hugmyndafræði“ (Ísl. þýðing. Karl Aspelund: Bourdieu, 1990, bls. 53).

Myndin hér að neðan sýnir samanburð á öllum sem hafa sveinspróf í kjólasaumi (blá súla) þeim sem eru starfandi í greininni (rauð súla) og hlutfall þeirra sem einnig hafa háskólanám að baki (græn súla).



	Ekkert svar	1981-1971	1991-1982	2001-1992	2011-2002
Háskólamenntun		3,10%	7,17%	15,30%	7,40%
Starfandi		2,44%	9,68%	11,48%	19,38%
Útskrifaðir	2,5%	7,4%	22,4%	34,8%	32,3%

Mynd 33: Samanburður á þeim sem starfa í greininni og þeim sem lokið hafa öðru námi á háskólastigi (Sp. 2 vs sp. 7 og sp. 11)

Þar sem liðlega fimmtungur svarenda tiltók í spurningu tólf (bls. 50) að þeir hefðu stundað annað nám og þrettán prósent svarenda gerði grein fyrir stöðu sinni undir liðnum annað þótti ástæða til að skoða hvort svarendur væru líklegri til að hafa farið í annað nám ef langt var um liðið frá því viðkomandi lauk iðnnáminu. Það kemur ekki á óvart að í hópnum sem útskrifaðist á árunum 2002-2011 eru flestir starfandi í faginu eða rétt tæplega 60% af úrtakinu. Hluti af þessum hópi er að líkindum einnig að uppfylla vinnuskyldu til að geta öðlast meistararéttindi. 23% af þessu úrtaki hafa einnig lokið háskólanámi og 13% greindu frá því að þeir annað hvort leggðu stund á háskólanám eða höfðu lokið óskyldu námi. Í hópnum sem útskrifaðist á árunum 1992-2001 er einungis þriðjungur starfandi í faginu en í þessum hópi hafa 44% einnig háskólanám að baki og 5% greindu frá því að þeir stunduðu nám. Ívið fleiri eru starfandi við fagið í hópnum sem lauk námi á árunum 1982-1991 eða 43%, en 32% í þessum hópi hafa einnig lokið háskólanámi, að auki greindu 5% frá því að þeir leggðu stund á háskólanám og 8% höfðu lokið óskyldu námi.

Í hópnum sem útskrifaðist á árunum 1971-1981 er þriðjungur starfandi í greininni en 42% hafa lokið háskólanámi og 8% stunda nám á háskólastigi. Þó svo að helmingur þessa hóps stundi nú eða hafi stundað háskólanám og enn aðrar annað sérnám þá eiga margar innan þessa hóps langan starfsferil að baki í iðninni, samanber þessi orð.

> Ég get ómögulega mælt með því við nokkurn að læra kjólasaum (eða fara í klæðskerann) nema viðkomandi komi úr efnafjölskyldu og þurfi ekki að sjá fyrir sér sjálf/ur. Þetta er erfiður bissness og stundum ekki metinn að verðleikum. Þið unga fólkið eruð samt á réttri braut að byrja að breyta hugsunarhættinum varðandi hönnun (Arna).

Viðkomandi starfaði þó í faginu nær sleitulaust í tæplega þrjá áratugi en settist aftur á skólabekk og lauk alls óskyldu námi. Annar viðmælandi sem útskrifaðist fyrir 30 árum hafði þetta að segja.

> Eftir útskrift stofnaði ég verkstæði fyrst vorum við þrjár svo var ég bara ein. Ég kenndi við [nafn á skóla] í 20 ár. Ég flutti út vann þar í stórmagasíni í herradeild. Vann þar við breytingar á fatnaði og svoleiðis samhliða tók ég verkefni fyrir kjólabúð sem var með eigin framleiðslu. Síðan flutti ég heim vann áfram í faginu og hjá öðrum í tæpt ár fór svo á elliheimili, sem leiðbeinandi, hélt áfram að kenna og áfram að vera sjálfstæð [starfa sjálfstætt] og kenndi í grunnskóla öllum deildum í grunnskóla, mjög skemmtilegt, svo rak ég verslun og verkstæði. Þegar ég var með verslunina þá ákvað ég að breyta til því mig hafði alltaf langað til að læra viðskiptafræði (Eydís).

Þegar haft er í huga að meðalaldur svarenda er 44,7 ár þarf kannski ekki að koma á óvart að 33,5% skuli einnig hafa lokið prófi úr háskóla og þar af liðlega 8% kennsluréttindanámi.

Það er hinsvegar umhugsunarvert og kemur skemmtilega á óvart að margar leita í störf þar sem iðnnámið nýtist þeim á einhvern hátt eins og t.d. við fagkennslu, við rekstur fataverslana og heildverslana og við ýmsa listsköpun hvort heldur sem er á fylgihlutum eða jafnvel í myndlist.

Fæstar virðast því líta svo á að námið hafi verið til einskins frekar að þær sætti sig ekki við launin sem eru í boði og eigi erfitt með að skapa sér starfsgrundvöll þar sem innkonan er ótrygg.

> Ég held að þetta sé svoldið „passion“ starf, annað hvort hefur þú áhuga eða þú endist ekki í þessu (Gunnur).

Þessi orð segja mikið um stöðu iðngreinarinnar. Kjólasaumur, eins og trúlega margar aðrar iðngreinar, krefst þess af fagmanninum að hann skuldbyndist faginu og sé ávallt til reiðu

þegar viðskiptavininum hentar. Að auki þarf fagmaðurinn sífellt að fylgjast með nýjungum og efla hæfni sína, leikni og færni.

Taflan hér að neðan sýnir samanburð á námi sem kjólameistarar/sveinar hafa lokið og námi sem viðmiðunarhóparnir hafa lokið.

	Kjólameistarar/sveinar	Hársnyrtigreinar	Málm- og véltæknigr.
Eingöngu sveinspróf	22,30%	44,00%	36,00%
Meistararéttindi	33,00%	28,00%	11,70%
Próf úr háskóla	33,50%	12,60%	11,60%
Annað	11,20%	15,40%	24,20%

Tafla 4: Samanburður á námi sem kjólameistarar og sveinar hafa lokið vs. viðmiðunarhópa

Hæst er hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið öðru námi en sveinsprófi í hársnyrtigreinum. Ætla mætti að þess vegna væri hæsta hlutfall þeirra sem starfa við iðngreinina í hársnyrtigreinum. Sú er þó ekki raunin því eins og fram kom í töflu eitt hér að framan eru 58,5% starfandi í hársnyrtigreinum, 56,5% í kjólasaumi en 75% í málm- og véltæknigreinum. Þó svo að flestir hafi meistararéttindi í kjólasaumnum, 33%, eru þar fæstir starfandi. Skýringin á því er þó sú að í þeim hópi hafa flestir, eða 33%, einnig lokið háskólanámi og starfa því ekki við iðnina. Áberandi margir eða 24,2% í málm- og véltæknigreinum nefna að þeir hafi lokið öðru námi. Margir í þessum hópi hafa lokið einhverskonar réttindanámi eins og vélstjórn, vélvirkjun, vélfræði, stýrimanna- eða skipstjórnarréttindum og stunda störf þar sem iðnnám þeirra nýtist einnig.

4.3.5 Helstu orsakir brottfalls úr faginu

Í síðasta hluta spurningalistans var spurt um bakgrunnsbreytur, sem vörðuðu fjölskyldustærð og tekjuöflun á heimilinu, til að skoða hvort svarandi væri t.d. ólíklegri til að starfa sjálfstætt ef fjölmennt var á heimilinu eða ef svarandi var sá eini sem aflaði heimilinu tekna.

Í ljós kom (sjá mynd 30, bls 62) að einungis 15% af þeim sem eru sjálfstætt starfandi afla 80-100% af tekjum heimilisins á meðan 24% þeirra sem ekki eru starfandi í faginu afla 80-100%

af heildartekjum heimilisins. Rétt tæplega 2/3 þeirra sem eru sjálfstætt starfandi hafa á bilinu einn til þrjá í heimili.

Tæplega þriðjungur þeirra sem eru sjálfstætt starfandi afla hinsvegar einungis á bilinu 20-39% af tekjum heimilisins. Þessar tölur sýna að þriðjungur þeirra sem er sjálfstætt starfandi vinnur stutta vinnuviku og virðist hafa starfið sem hálfgert tómstundagaman fremur en að þurfa að afla sér lífsviðurværis með því.

Fjórðungur af viðmælendum rannsakanda var einn um að afla heimilinu tekna og hafði tekist að gera það starfandi í faginu bæði sem launþegar og sjálfstætt starfandi. Ein þeirra hafði þetta að segja:

> Það er náttúrulega frábært að vera búin að vinna í 30 ár og vera að gera eitthvað sem er það sem maður vill gera... (Nanna).

Helstu ástæður brottfalls úr faginu eru lítið starfsöryggi og léleg laun. Þegar öllu er á botninn hvolft er það sennilega ástríða fyrir iðninni sem ræður mestu um það hvort viðkomandi endist í faginu. Eins og fram hefur komið hafa mjög margar helst úr lestinni þar sem þær hafa sótt í aðra menntun. Þær sem hinsvegar hafa náð að svala sköpunarþörfinni í þessu fagi una yfirleitt hag sínum vel og geta ekki hugsað sér annað starf.

5 Umræður og ályktanir

Að lokum er vert að hverfa aftur til rannsóknarspurninganna sem settar voru fram í upphafi verkefnisins og draga saman svör við þeim.

- ***Hvað fær fólk til að stunda nám í kjólasaumi og hvernig nýta kjólameistarar og sveinar nám sitt?***

Þó svo að þessi spurning og undirspurningar hennar virðist ekki krefjast flókinna svara, við fyrstu sýn, þurfti bæði að útbúa rafræna spurningakönnun og taka viðtöl til að finna svör við þeim. Þýðið í rannsókninni voru allir sem lokið hafa sveins og/eða meistararéttindum í kjólasaumi á árunum 1971-2011.

5.1 Af hverju þetta nám?

- *Hverjar voru helstu ástæður þess að þetta nám var valið?*

Það virðist fyrst og fremst hafa verið löngunin að fá útrás fyrir sköpunarþörfina sem réði námsvalinu. Flestar völdu þetta nám vegna þess að þær bjuggu yfir löngun til að skapa eða vinna með höndunum og höfðu verið að því allt frá barnæsku. Nokkrar nefndu að þær hefðu ekki verið tilbúnar í bóklegt nám og aðrar að þær hefðu verið búnar að fá nóg af háskólanámi. Einhverjar litu á þetta nám sem grunn fyrir hönnunarnám eða vildu með þessu námi skapa sér möguleika til að starfa sjálfstætt.

Það sem helst kom á óvart var að meðalaldur nemenda við sveinspróf var 28,3 ár. Þetta er hár meðalaldur í ljósi þess að námið er á framhaldsskólastigi og því þurfa nemendur einungis að vera á sextánda aldursári við upphaf náms. Aðeins 0,02% nemanna luku sveinsprófi á tuttugasta aldursári og elsti nemandinn til að ljúka sveinsprófi í kjólasaumi á rannsóknar tímabilinu var á 61. aldursári. Það virðist því ljóst að þorri nemenda er mun eldri þegar þeir hefja nám og margir höfðu lokið öðru óskyldu námi eins og t.d. stúdentsprófi áður en þeir hófu nám í iðninni. Ástæða þessa kann að vera sú að eftirspurnin í þetta nám hefur yfirleitt verið meiri en framboðið. Því hefur verið hægt að velja inn nemendur og aldur og fyrra nám

því oftar en ekki haft sitt að segja. Þessi staðreynd er þó ekki í samræmi við inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Námsvalið ætti því að vera vel ígrundað og eitthvað meira en einskær forvitni sem réði vali þessara nemenda. Rannsakandi hefur ekki undir höndum meðalaldur nemenda við sveinspróf í samanburðarhópunum en telur þó að hann kunni að vera eitthvað lægri. Ekki er þó hægt að fullyrða um það, en þar sem samanburðarhóparnir eiga minna nám að baki þegar þeir hefja iðnnám má ætla að svo sé.

Það er einnig umhugsunarefni að aðeins liðlega helmingur, 56,5%, þeirra sem hafa þetta nám að baki skuli hafa af því atvinnu. Að vísu er staðan svipuð í hársnyrtigreinunum, þar sem 58,3% eru starfandi, en málm- og véltæknigreinarnar skera sig úr þar sem hlutfall starfandi er 75%. Það væri vissulega efni í aðra rannsókn að greina ofaní kjölinn hvers vegna fólk almennt stundar nám sem það síðan nýtir lítið sem ekkert. Þá væri einnig vert að skoða kostnað þjóðfélagsins við að mennta þennan hóp. Almennt er viðurkennt að menntun er góð fjárfesting bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið, þegar hún hinsvegar er ekki nýtt að neinu marki má spyrja hvort þjóðfélagið hafi efni á þessari menntun.

Það kom rannsakanda einnig á óvart hversu mikið annað nám kjólameistararnir og sveinarnir hafa að baki og er það þónokkuð meira en hjá samanburðarhópunum, sjá töflu 4, bls. 74. Að vísu er kvenfólk í meirihluta í nær öllu námi ofan grunnskólastigs. Konur voru 55,9% allra nemenda á framhaldsstigi haustið 2011. Námsvalið er þó mjög kynbundið, á 21 námsbraut voru einungis konur skráðar þeirra á meðal var kjólasaumur. Á 25 námsbrautum voru einungis karlmenn skráðir en þeirra á meðal voru málmiðnir (Hagtíðindi, 2012). Þar sem 96% úrtaksins í hársnyrtigreinunum eru einnig kvenkyns hefði mátt ætla að þessir hópar hefðu sambærilegt nám að baki en svo er ekki. Það væri vissulega áhugavert rannsóknarefni að kanna frekar hversvegna.

Í fataiðngreinum hafa einnig hlutfallslega fleiri meistararéttindi en í samanburðarhópunum. Í fyrstu vekur þetta furðu, sérstaklega í ljósi þess að eins og áður hefur komið fram eru hlutfallslega færri starfandi en í samanburðarhópunum. Þegar betur er að gáð gæti skýringin legið í því að mun færri hafa lokið sveinsprófi í kjólasaumi. Ætli viðkomandi sér að starfa við fagið er því líklegra en ella að sá hinn sami komi til með að starfa sjálfstætt, enda ekki auðhlaupaverk að fá vinnu hjá öðrum einyrkjum, og telji sig því frekar þurfa að ljúka meistararéttindum. Í málm- og véltæknigreinunum þar sem hæsta hlutfall útskrifaðara er starfandi, 75%, eru jafnframt fæstir sem hafa meistararéttindi. Helsta skýringin á því er

trúlega sú að þar eru hlutfallslega færri með eigin rekstur og margir hafa farið í viðbótar tækninám fremur en að bæta við sig iðnmeistararéttindum.

Frá síðustu aldamótum hefur orðið mikil aukning á námsframboði á Íslandi og sérstaklega á háskólastigi. Aukið námsframboð breytir vissulega heildarmyndinni þegar einstaklingur stendur frammi fyrir því að velja framhaldsnám. Það væri því verðugt rannsóknarverkefni að kanna hvort þessi staðreynd muni koma til með að breyta aldurssamsetningu nemenda í fataiðnum. Þar sem reyndin hefur verið sú síðustu áratugi að nemendur eru oft búnir að ljúka stúdentsprófi áður en þeir hafa hafið nám í fataiðnum gæti þessi þróun snúist við. Vissulega væri það ódýrari kostur fyrir samfélagið ef nemendur myndu samhliða iðnnámi ljúka tilskyldu bóknámi fremur en að stunda bóknám og verknám aðskilið eins og margir gera í dag. Rannsakandi veit ekki til þess að kannað hafi verið með skipulegum hætti hversu mikill sparnaðurinn kynni að vera fyrir þjóðfélagið en það væri verðugt rannsóknarefni.

Eins og greint var frá í kafla 2.3.2 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út nýja aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla árið 2011. Gildistöku þessarar námskrár hefur nú verið frestað að hluta til ársins 2015 vegna niðurskurðar til menntamála. Skólum var veitt meira sjálfstæði til að móta námsbrautir og í iðngreinum er það hlutverk starfsgreinaráða, sem geta sett á fót fagráð, að vera menntamálaráðherra eða staðgenglum hans til ráðgjafar. Að mati rannsakanda er brýnt að nota tímann fram til ársins 2015 vel, vega og meta hvort námið skuli haldast í núverandi horfi eða hvort betra sé að auka samfellu milli skólastiga. Með aukinni samfellu er átt við það að nemendur geti að sveinsprófi loknu hafið nám á háskólastigi án þess að byrja alveg frá grunni. Útfærslan yrði alltaf að hluta til í höndum viðkomandi háskóla, nemendi gæti þurft að sitja einhverja áfanga í frumgreinadeild en væri samt að byggja ofaná iðnnámið.

Með aukinni hnattvæðingu verður krafan um samkeppnishæfni sífellt meiri. Það gæti því komið sér vel fyrir nemanda sem lokið hefði sveinsprófi í kjólasaumi að geta bætt við sig námi í framleiðslustýringu, sölustjórnun, markaðsfræði eða alþjóðaviðskiptum. Eins og vikið var að hér að ofan myndi aukin samfella á milli skólastiga hjálpa til hér þar sem nemendum yrði þar með gert kleift að ljúka námi fyrr en ella.

5.2 Væntingar til námsins

- *Að hve miklu leyti stóðst námið væntingar sem gerðar voru til þess í upphafi með tilliti til atvinnumöguleika?*

Næstum þrjár af hverjum fjórum sögðu atvinnumöguleika sína að námi loknu hafa verið eins og þær áttu von á eða betri (sjá mynd 13, bls. 48). Þessi niðurstaða bendir til þess að þó svo einungis liðlega helmingur, eða 56,5%, þeirra sem útskrifast hafa séu starfandi við iðnina sé helsta ástæðan ekki lítið atvinnuframboð í greininni.

Námið stóðst væntingar með tilliti til atvinnumöguleika en fæstar höfðu mikið velt því fyrir sér, eða að minnsta kosti ekki látið það hafa áhrif á námsvalið að þetta væri kvennastétt. Sú staðreynd er þó að mati viðmælenda rannsakanda ein helsta ástæða þess að starfið er ekki vel launað og nýtur ekki alltaf þeirra virðingar sem það þó eigi skilið með tilliti til sérhæfingar og námslengdar.

Það er vandmeðfarið að tala um virðingu þegar störf eru annarsvegar. Rannsakandi hefur ekki upplifað lítilsvirðingu í garð kjólameistara, heldur mun frekar að almennt þekkingarleysi sé ríkjandi þegar kemur að því að skilgreina starfssvið þeirra. Eins og víða í þjóðfélaginu er það þekkingarleysi sem oftar en ekki er rótin að því að störf eru ekki metin að verðleikum. Hversvegna kvennastéttir láta frekar bjóða sér lægri laun er þó efni í aðra rannsókn. Vissulega hafa slíkar rannsóknir verið gerður til að mynda fjallaði meistararitgerð Þórs Steinarssonar, sem gefin var út í júlí 2012, um launamun kynjanna hjá Reykjavíkurborg[10]. (Þór Steinarsson, 2012).

Í könnunum sem lagðar voru fyrir samanburðarhópana var ekki spurt um það hvort námið hefði staðist væntingar með tilliti til atvinnumöguleika. Greinarnar eru þó nokkuð ólíkar að því leyti að bæði kjólasaumur og hársnyrtigreinar eru fremur staðlaðar greinar. Þó svo að tískan breytist stöðugt og báðar þessar greinar taki vissulega mið af því þá eru málm- og véltæknigreinar háðari tækninýjungum sem eins og allir vita hafa verið gífurlega örar síðustu áratugi. Þessi staðreynd hefur leitt til þess að tækifæri til starfsþróunar hafa verið fleiri í málm- og véltæknigreinum. Vissulega mis mikil milli þeirra greina sem undir málm- og véltæknigreinar heyra, en þó næg til þess að boðið hefur verið uppá nám í tækniháskólum þar sem nemendur byggja ofaná sveinspróf sitt. Dæmi um þetta er véliðnfræði sem er

[10] Ritgerðin ber heitið *Launamunur kynjanna hjá Reykjavíkurborg. Úttekt á fastlaunasamningum og akstursgreiðslum*.

diplómunám við Háskólann í Reykjavík (Háskólinn í Reykjavík, e.d.). Sambærilegt nám er þar einnig í boði fyrir byggingagreinar og rafiðngreinar. Rannsakandi myndi vilja sjá sambærilegt nám fyrir þá sem lokið hafa sveinsprófi í fataiðngreinum verða að veruleika, eins og bent var á í kafla 5.1 hér að framan.

Fram kom í viðtölum þegar rannsakandi ræddi við fagfólk sem hafði mannaforráð að kjólameistarar og sveinar þykja í flestum tilvikum góðir starfskraftar. Það er í samræmi við svörun þegar spurt var um gæði kennslu í handverki og sniðagerðakennslu (sjá myndir 6 og 7 bls. 44). Grunnþáttum námsins virðast því vera vel sinnt í skólanum og skilar það sér út í atvinnulífið. Samt sem áður kviknar sú spurning hvort eitthvað sé hægt að gera til að auka enn frekar atvinnumöguleika þeirra kvenna sem áhuga hafa á að starfa við fagið. Vissulega hafa þær alltaf tækifæri til að vinna sjálfstætt, það hentar þó ekki öllum. Aukin samvinna hönnuða og kjólameistara getur vissulega verið af hinu góða ef hún er á jafningja grundvelli þar sem hvor um sig nýtir sitt sérsvið. Undanfarin ár hefur verið aukning á þessari samvinnu og er það vel.

Til að gera kjólmeisturum kleift að taka nema í vinnustaðaþjálfun er Mennta- og menningarmálaráðuneytið nú farið að úthluta styrkjum til þeirra fyrirtækja í löggildum iðngreinum, sem taka nema á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla. Vorið 2012 nam þessi styrkur 1.377.000 kr. til handa níu nemendum í fataiðnum (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2012). Ýmsir samevrópskir styrkir eru nú einnig í boði bæði til náms og starfs þó ekki verði þeir tíundaðir frekar hér (Rannís, e.d.).

5.3 Starfsvettvangur kjólameistara og sveina

- *Hvað aðhafast meistarar og sveinar 40, 30, 20, 10 árum eftir nám?*

Kjólameistarar og sveinar leynast víða í atvinnulífinu og þarf ekki að koma á óvart þar sem hátt hlutfall hefur einnig lokið öðru námi (sjá mynd 33, bls. 72). Það er þó nokkur munur á því hverskonar störfum kjólameistararnir og sveinarnir hafa sinnt eftir því hversu langt er um liðið frá útskrift.

Þegar þýðinu er skipt niður á fjögur tímabil eftir því hversu langt er um liðið frá útskrift og skoðað hvað hver hópur hefur aðhafst koma einnig í ljós þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu á þessu tímabili. Hópurinn sem útskrifaðist á tímabilinu frá 1971-1981 er frábrugðin hinum að því leiti að í honum eru bæði konur sem alfarið hlutu verklega þjálfun á saumastofum og einnig konur sem voru í fyrstu nemendahópunum eftir að námið var fært inn í Iðnskólann í Reykjavík. Þessar konur hófu margar störf á saumastofum sem fjöldaframleiddu fatnað fyrir innanlandsmarkað, í skjóli innflutningshafta, eða framleiddu ullarflíkur til útflutnings. Aðrar störfuðu sem einyrkjar við sérsaum. Hópurinn var þó ekki fjölmennur og eins og sjá má á mynd 2. bls 40, taldi hann einungis 7,5% af heildinni. Í dag er þriðjungur af þessum hópi starfandi í greininni. 42% hafa lokið háskólanámi og starfa á þeim vettvangi og þær elstu hafa lokið starfsævinni.

Hópurinn sem útskrifaður var á árunum 1982-1991 náði í flestum tilfellum að vinna starfsþjálfunartíma sinn á fjöldaframleiðslu saumastofum. Á þessum árum fór þeim þó ört fækkandi. 43% eru starfandi við iðngreininga og 32% hafa lokið námi frá háskóla. Þær sem starfa við iðnina skiptast nokkuð jafnt í þrjá hópa, sem eru; sjálfstætt starfandi við kúnnasaum, launþegar við fataframleiðslu eða stunda faggreinakennslu.

Hópurinn sem útskrifaðist á árunum 1992-2001 stóð frammi fyrir nokkuð breyttu umhverfi. Fjöldaframleiðslu saumastofur mátti nú telja á fingrum annarar handar. Á þessu tímabili urðu Íslendingar aðilar að EES samningnum og allar undanþágur sem vörðuðu innflutningshöft á vefnaðarvöru heyrðu nú sögunni til[11]. Þrátt fyrir að þetta skuli vera fjölmennasti hópurinn eru þar jafnframt hlutfallslega fæstar starfandi við iðnina. Þriðjungur hópsins er starfandi við iðnina en hér eru einnig hlutfallslega flestar sem hafa lokið prófi frá háskóla, eða 44%.

Í yngsta hópnum sem útskrifaður var á árunum 2002-2011 eru flestir starfandi við iðnina eða 60%. Í þessum hópi eru jafnframt hlutfallslega fæstir sem lokið hafa prófi frá háskóla eða 23%, en tæp 6% stunda óskylt nám. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við það að þessi hópur er yngstur og á ennþá eftir að skila áratugum á vinnumarkaðnum. Staða iðngreinarinnar nú er þessum hópi í hag. Íslensk hönnun og framleiðsla er eftirsóknarverð í dag. Almenningur virðist smám saman vera að vakna til vitundar um það að grasið er ekki alltaf grænna hinum megin við lækinn, það þarf ekki að sækja allt til útlanda. Íslenskt fagfólk er ekkert síðra en erlent.

[11] Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) er sá samningur sem samskipti Íslands við Evrópusambandið (ESB) grundvallast af. Samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 og veitir íslenskum ríkisborgurum aðgang að innri markaði ESB.

Það kemur ekki á óvart að einungis 56,5% eru starfandi við fagið þegar ljóst er hversu margir hafa stundað annað nám. Hinsvegar kom það rannsakanda á óvart hversu margir af þeim sem starfa sjálfstætt við fagið virðast einungis hafa það sem hlutastarf eða jafnvel sem tómstundagaman (sjá mynd 30, bls. 62).

Þegar samanburðarhóparnir eru skoðaðir kemur í ljós þó nokkur munur á því hvernig fagfólk í þessum iðngreinum hefur enst í starfi. Af þeim sem hafa lengstan starfsaldur 21-30 ár eru 87,8% starfandi í hársnyrtigreinum (Þóra Ásgeirsdóttir og fl., 2012) og 93,1% í málm- og véltæknigreinum. Þegar hóparnir sem hafa stystan starfsaldur, 5 ár eða minna, eru skoðaðir kemur í ljós að í hársnyrtigreinum eru einungis 20% starfandi við iðnina og í málm- og véltæknigreinum eru 25,5% starfandi við iðnina. Úrtakið í hársnyrtigreinunum var þó lítið, einungis fjórðungur svarenda hafði lengstu starfsreynsluna. Samt sem áður eru þessar niðurstöður á skjön við þróunina í fataiðnum.

5.4 Líf og starf utan iðngreinar

- *Hvað verður um þá sem ekki vinna við fagið?*

Þeir sem ekki vinna við fagið og stunda ekki „afleidd störf“ starfa oftar en ekki á vettvangi sem tilheyrir öðru námi sem viðkomandi hefur aflað sér. Í hópi kjólameistara og sveina er þetta hlutfallslega nokkuð stór hópur þar sem óvenju margir virðast vera ansi námsfúsir eins og greint var frá í kafla 4.3.4.

Það kom rannsakanda samt á óvart að þeir sem ekki starfa við fagið vinna oftar lengri vinnudag samanber mynd 28 bls. 60. Þessar konur eru samt fremur jákvæðar í garð iðnarinnar þær eru oftar aðal fyrirvinna heimilisins og telja meira öryggi fylgja starfi utan iðngreinarinnar eða að það er betur launað.

Eins og áður hefur komið fram er brottfallið í heildina örlítið minna í hársnyrtigreinunum. Þar eru 58,3% starfandi við iðnina og gæti hugsanlega verið örlítið hærra þar sem einhverjir vinna við „afleidd störf“ sem ekki er sérstaklega getið í úrvinnslu könnunarinnar. Hér er átt við störf eins og innflutning á hárvörum eða verslunarstörf þar sem fagþekking er nýtt. Þeir sem ekki eru starfandi segjast fyrst og fremst hafa leitað í störf sem voru betur borguð. Í

málm- og véltæknigreinunum eru hinsvegar 75% úrtaksins starfandi við iðn sína og þeir sem ekki vinna við iðnina telja sig vera í betur launuðum störfum í dag.

Þar sem óvenju hátt hlutfall útskrifaðra kjólameistara og sveina hefur annað nám að baki gæti verið fróðlegt að rannsaka hvaða nám þetta fólk hefur helst lagt stund á. Komi í ljós að margir hafi stundað svipað nám mætti skoða hvort hægt væri að nýta sveinsprófið betur sem grunn að þessu námi. Þá mætti einnig athuga hvort hugmynd rannsakanda, um framhaldsnám í tækniháskóla, sem minnst var á í kafla 5.1 og 5.2. væri fólki almennt að skapi.

5.5 Brottfall hvers vegna?

- *Hverjar eru helstu orsakir brottfalls úr faginu?*

Fyrir utan þær sem stundað hafa annað nám og þess vegna helst úr lestinni var önnur helsta orsök brottfalls sem nefnd var, léleg laun. Aðrar telja starfið ekki metið að verðleikum þar sem námið er bæði langt og strangt. Nokkrar nefndu einnig að vinnan væri líkamlega erfið og því hefðu þær gefist upp og enn aðrar að heimilisaðstæður hefðu verið orsök þess að þær hættu að starfa við iðnina.

Þegar samanburðarhóparnir eru skoðaðir kemur í ljós að svipaðar ástæður eru gefnar þar. Í hársnyrtigreinunum er helsta ástæða þess að fólk hefur hætt að starfa við iðnina sú að vinnan er talin líkamlega erfið. Hjá málm- og véltæknigreinunum eru léleg laun nefnd sem helsta ástæðan. Þeir sem hafa hætt að starfa við iðn sína geta almennt ekki hugsað sér að snúa aftur og eru fremur neikvæðir í garð iðngreina sinna.

Þegar leitað er að ástæðum brottfalls á meðal kjólameistara og sveina mætti athuga hvort sú staðreynd að fataiðngreinar eiga ekkert stéttarfélag hafi orðið til þess að auka brottfall. Einhverjum kann að finnast ákveðið óöryggi felast í því. Klæðskera og kjólameistarafélagið er vissulega vettvangur fyrir félagsmenn til að skiptast á skoðunum og félagið er aðili að Samtökum iðnaðarins. Samt sem áður er félagið eingöngu fagfélag og engum ber skylda til að vera í því.

Það er því að minnsta kosti umhugsunarefni hvort ekki er kominn tími til þess að fataiðngreinarnar leiti frekara samstarfs við aðrar fámennar iðngreinar til að koma réttindamálum sínum í betra horf. Einnig kæmi til greina einhverskonar samstarf við fatahönnuði þar sem starfssvið þessara greina skarast að vissu marki.

5.6 Helstu niðurstöður

Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr þeim þemum sem greindar hafa verið hér á undan í kaflanum.

5.6.1 Af hverju þetta nám?

- Flestar völdu þetta nám vegna þess að þær bjuggu yfir löngun til að skapa eða vinna með höndunum.
- Sumar ekki tilbúnar í bóklegt nám og aðrar búnar að fá nóg af háskólanámi.
- Alltaf haft gaman af því að sauma.
- Vildu geta starfað sjálfstætt.
- Litu á þetta nám sem undirbúning fyrir hönnunarnám.
- 33% hafa meistararéttindi sem er hærra hlutfall en í samanburðarhópunum.
- 56,5% af þeim sem hafa útskrifast eru starfandi við iðnina.
- Leið til að sameina áhugamál og vinnu.

5.6.2 Væntingar til námsins

- Næstum þrjár af hverjum fjórum sögðu atvinnumöguleika sína að námi loknu hafa verið eins og þær áttu von á eða betri.
- Grunnþáttum námsins er vel sinnt í skólanum.
- Kjólameistarar og sveinar þykja yfirleitt góðir starfskraftar þegar út í atvinnulífið er komið.
- Nánast engin hafði látið tilhugsun um lág laun hafa áhrif á námsval sitt.

- Fáar höfðu velt því fyrir sér að launin væru hugsanlega lægri þar sem þetta væri kvennastétt.
- Mörgum finnst námið ekki njóta virðingar til samræmis við lengd þess.
- Kjólameistarar geta nú sótt um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að taka nema í starfsþjálfun.
- Meðalaldur nemenda við sveinspróf í iðninni er 28,3 ár.

5.6.3 Starfsvettvangur kjólameistara og sveina

- Hópurinn sem útskrifaðist á tímabilinu frá 1971-1981 náði að starfa á saumastofum sem fjöldaframleiddu fatnað bæði fyrir innanlandsmarkað og ullarfatnað til útflutnings.
- Í dag er þriðjungur af þessum hópi starfandi í greininni og 42% hafa einnig lokið háskólanámi.
- Hópurinn sem útskrifaðist á árunum 1982-1991 náði í flestum tilfellum að vinna starfsþjálfunartíma sinn á fjöldaframleiðslu saumastofum.
- Í dag eru 43% úr þessum hópi starfandi við iðngreininga og 32% hafa lokið námi frá háskóla.
- Hópurinn sem útskrifaðist á árunum 1992-2001 stóð frammi fyrir breyttu starfsumhverfi þar sem fáar saumastofur sem fjöldaframleiddu fatnað voru ennþá í rekstri.
- Í dag er þriðjungur þessa hóps starfandi við iðnina en hér eru einnig hlutfallslega flestar sem hafa lokið prófi frá háskóla, eða 44%.
- Í hópunum sem útskrifaðist á árunum 2002-2011 eru flestir starfandi við iðnina eða 60%. Í þessum hópi eru jafnframt hlutfallslega fæstir sem lokið hafa prófi frá háskóla eða 23%.
- Hátt hlutfall þeirra sem starfa sjálfstætt við fagið eru einungis starfandi í hlutastarfi.

5.6.4 Líf og starf utan iðngreinar

- Þær sem ekki eru starfandi við iðnina vinna hlutfallslega lengri vinnudag.
- Þær sem ekki eru starfandi við iðnina eru oftar aðal fyrirvinna heimilis.

- Þær sem snúið hafa baki við iðngreininni eru samt yfirleitt jákvæðar í garð hennar.
- Þær sem ekki starfa við iðngreinina hafa yfirleitt lokið öðru óskyldu námi og starfa á þeim vettvangi.

5.6.5 Brottfall hvers vegna?

- Svarendur telja helstu ástæður brottfalls úr faginu vera bág launakjör.
- Námið ekki metið að verðleikum.
- Starfið líkamlega erfitt.
- Ótryggt starfsumhverfi.

6 Lokaorð

Aðal viðfangsefni þessa verkefnis var að leita svara við því hvort íslenskir kjólameistarar hafi sniðið sér stakk eftir vexti. Hérlendis hefur engin rannsókn verið gerð áður á þessari starfsstétt og þar sem rannsakandi er einnig kjólameistari, að mennt, þótti viðfangsefnið áhugavert. Vissulega hefur ávallt verið hægt að nálgast upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa lokið sveinsprófi og upplýsingar um útgefin meistarabréf en engar frekari niðurstöður höfðu verið unnar úr þessum gögnum til þessa.

Gildi rannsóknarinnar er því töluvert þar sem hér hafa í fyrsta sinn verið settar fram bæði tölulegar niðurstöður og skoðanir fagfólks. Leitað var svara við því hvað helst hefði ráðið námsvali þessa fólks og hvernig það hefur nýtt nám sitt. Einnig hvort það hefði frekar enst í starfi ef langt var um liðið frá útskrift. Athugað var að hve miklu leyti námið hefði staðist væntingar með tilliti til atvinnumöguleika og svarendur voru einnig beðnir um að meta gæði verknámsins með tilliti til þess hver hæfni viðkomandi hefði verið til að sinna ákveðnum störfum þegar út á vinnumarkaðinn var komið. Skoðað var hvað orðið hefði um þá sem ekki starfa við fagið og hverjar væru helstu ástæður þess.

Megindlegum rannsóknaraðferðum var beitt og rafrænn spurningalisti sendur á allt þýðið. Svarhlutfall var 87%. Að auki voru tekin átta einstaklingsviðtöl. Það að rannsóknin er ekki úrtaksrannsókn heldur var allt þýðið til skoðunar gefur henni aukið vægi því niðurstöður eru tæmandi fyrir iðngreinina í heild.

Með því að blanda saman megindlegum og eigindlegum aðferðum tókst að ná meiri dýpt í rannsóknina og margt af því sem fram kom í viðtölum var hægt að staðfesta með tölulegum upplýsingum úr spurningakönnuninni. Rannsakandi telur það því ótvíræðan kost að nota þessar aðferðir saman. Helst gæti talist til galla að þeir einstaklingar sem bjóðast til að mæta í viðtöl hafa kannski jákvæðara viðhorf til iðngreinarinnar en heildin. Rannsakandi telur að þó sú kunni að vera raunin þá skekki það ekki niðurstöður, þar sem þessir einstaklingar eru oftast einnig gagnrýnir á það sem betur má fara.

Gildi rannsóknarinnar er ótvírætt fyrir iðnsögu Íslendinga, fyrir sögu Iðnskólans í Reykjavík, nú Tækniskólans, jafnframt því að hafa gildi fyrir menningar- og menntunarsögu íslenskra kvenna svo og atvinnusögu íslenskra kvenna. Allir sem láta sig iðnnám einhverju varða og

jafnframt allir sem hafa áhuga á mennta- og atvinnumálum íslenskra kvenna ættu því að sjá sér hag af því, eða í það minnsta hafa áhuga á, að rýna í niðurstöður þessarar rannsóknar.

Þegar unnið er að rannsókn sem þessari koma alltaf fram einhver atriði sem áhugavert gæti verið að skoða frekar. Í þessari rannsókn voru þær iðngreinar sem notaðar voru til samanburðar fjölmennari iðngreinar en kjólasaumurinn. Ástæða þess var einfaldlega sú að í þessum greinum (hársnyrtigreinum og málm- og véltæknigreinum) voru til nýlegar rannsóknir. Áhugavert væri að gera samanburðar rannsókn á fámennum þjónustuiðngreinum sem eiga meira sammerkt.

Það er von rannsakanda að þetta verk marki aðeins upphaf að frekari rannsóknum. Vonandi verður það einhverjum lesendum innblástur til frekari verka, það er hægt að nálgast þetta verkefni frá mörgum sjónarhornum og hægt að greina mun fleiri þætti en hér hefur verið gert.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íslenskir kjólameistarar hafi í áranna rás þurft að haga seglum eftir vindi. Margir virðast hafa litið á þetta nám sem einn kafla í menntunarsögu sinni frekar en að um loka áfanga væri að ræða. Það verður því áhugavert að fylgjast með hvort einhverra breytinga megi vænta þegar ný námskrá tekur gildi að fullu árið 2015. Nú er lag fyrir þá sem vilja hag iðngreinarinnar sem mestan, lag til að koma með tillögur að breytingum sem miða að því að auka samfellu milli skólastiga. Með aukinni samræmingu mætti stytta námstíma þeirra sem áhuga hafa á að samþætta iðnnámið frekara framhaldsnámi og þar með að sníða stakk sinn algjörlega eftir vexti.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 - almennur hluti . (2012). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Amskov, H. (1941, án bls. tals). *Fagbog i dameskrædderi.* Odense: Bogforlaget norden.

Anna Sigurðardóttir. (1985). *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Ásdís Jóelsdóttir. (2009). *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi frá lokum 19. aldar til byrjun 21. aldar.* Kópavogur: Ásdís Jóelsdóttir.

Bergljót Ólafsdóttir. (1983). *Máltaka og sniðgerð Kjólar og blússur Aðferð M.Muller & Sohn, Munchen.* Reykjavík: Iðnskólaútgáfan.

Bourdieu, P. (2007 -a). Aðgreining Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar. (Þýð. Gunnar Harðarson). Í *Atvik 11: Almenningsálitið er ekki til* (Ritstj. Davíð Kristinsson), bls. 33-44. Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Bourdieu, P. (2007 -b). Myndbreyting smekksins. (Þýð. Egill Arnarson). Í *Atvik 11 Almenningsálitið er ekki til* (Ritstj. Davíð Kristinsson), bls. 45-59. Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Bourdieu, P. (2010). *Distinction.* New York: Routledge.

Bourdieu, P. (1990). The Logic of Practice. Stanford, CA: Stanford University Press.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. (1910, 30. apríl). Iðnaðurinn og konurnar [rafræn útgáfa]. *Kvennablaðið 4.tbl*, bls. 25-26.

Creswell. (2007). *Qualitative inquiry & research design Choosing Among Five Approaches (Second Edition).* Thousand Oaks: SAGE Publications.

Creswell, J. W. (2009). *Research design: Qualitative, Quantitative, and Mixed Methods Approches (third edition).* Thousand Oaks: SAGE Publications, Inc.

Davíð Kristinsson. (2007). Inngangur ritstjóra. í *Atvik 11, Almenningsálitið er ekki til* (Ritstj. Davíð Kristinsson), bls. 7-31. Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Dýrleif Ármann. (1980). Ég er kjólameistari. Í *Átján konur ferill þeirra og framtak í nútíma hlutverkum* (Ritstj. Gísli Kristjánsson), bls. 95-116. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Einar Benediktsson. (2000). *Ísland og Evrópuþróunin 1950 - 2000.* Reykjavík: Fjölsýn forlag.

Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS.* Reykjavík: Hákólaútgáfan.

Félag kjólameistara í Reykjavík. (1947). *Fundargerðabók Félags kjólameistara í Reykjavík.* Óútgefið.

Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Hagtíðindi. (2012, 21. janúar). *Skólamál*. Sótt 12. mars 2013 frá https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13580

Háskólinn í Reykjavík. (e.d.). *Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík*. Sótt 12. mars 2013 frá http://www.ru.is/tvd/idnfraedi-og-byggingafraedi-bsc/velidnfraedi/

Helgi Elíasson. (1947). Skólamál á Íslandi 1874-1944. *Almanak hins Íslenska þjóðvinafélags* (72. árg.), bls. 70-113.

Henný Ottósson. (1966, 1. mars). Ásta Þórðardóttir, nokkur kveðjuorð [rafræn útgáfa]. *Tímarit iðnaðarmanna, 1-2 tbl.* (39. árg.), bls. 35.

Hulda Á. Stefánsdóttir. (1980). Ég var húsmæðraskólastjóri. Í *Átján konur Ferill þeirra og framtak í nútíma hlutverkum* (Ritstj. Gísli Kristjánsson), bls. 22-26. Hafnarfirði: Skuggsjá sf.

IÐAN fræðslusetur. (e.d -a). *Nám og störf*. Sótt 14. október 2012 frá http://idan.is/nam-og-storf/storf?id=430:kjolasaumari&catid=60:storf

IÐAN fræðslusetur. (e.d -b). *Nám og störf*. Sótt 14. október 2012 frá http://idan.is/nam-og-storf/storf?id=433:klaeeskeri&catid=60:storf

Jófríður Benediktsdóttir. (1993). Úr fundagerðabókum 1943 -1993. *50 ára afmælisrit Félag meistara og sveina í fataiðn*, bls. 10-11.

Jón Helgason biskup. (1941,1. apríl). Iðnaðarmenn í Reykjavík fyrir 60-70 árum [rafræn útgáfa]. *Tímarit iðnaðarmanna, 2 tbl.* (14.árg.), bls. 23-32.

Jón Ólafur Ísberg. (2004). *Iðnskóli í eina öld Iðnskólinn í Reykjavík 1904 - 2004.* Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Jón Torfi Jónasson. (1992). Þróun framhaldsskólans: Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. Í *Uppeldi og menntun* (1. árg.), bls. 173-185.

Listaháskóli Íslands. (e.d -a). *Hönnunar- og arkitektadeild*. Sótt 14. október 2012 frá http://lhi.is/namid/honnun-og-arkitektur/fatahonnun/namid/

Listaháskóli Íslands. (e.d -b). *Söguágrip*. Sótt 14. október 2012 frá http://lhi.is/skolinn/um-listahaskolann/soguagrip/

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 með áorðnum breytingum 35/2009, 89/2009, 133/2009, 71/2010, 126/2011og 68/2012

Lög um háskóla nr. 6/2006

Mennta og menningarmálaráðuneytið. (2012, 23. apríl). *Styrkir til vinnustaðanáms vorið 2012*. Sótt 12. mars 2013 frá: http://www.menntamalaraduneyti.is/forsida-stjr/nr/6785

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: fataiðngreinar: Grunnnám fataiðna, fatatækni, kjólasaumur og klæðskurður*. Sótt 15. október 2012 frá http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=04C18FCDD4AA6C8F002576F00058DCC9&action=openDocument

Möller, J. (1991). *Fra tegneskole til teknisk skole.* Óðinsve: Teknisk skoleforening.

Rannís (e.d.). Sótt 12. mars 2013 frá *Menntaáætlun ESB*: http://www.lme.is/

Reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009

Símon Jón Jóhannsson, og Ragnheiður Vigfúsdóttir. (1991). *Íslandsdætur Svipmyndir úr lífi íslenskra kvenna 1850-1950.* Reykjavík: Örn og Örlygur.

Sonardætur (1986). Minning, Henný Ottósson kjólameistari. *Morgunblaðið.* Sunnudagur 14. september 1986. http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=120814&pageId=1640129&lang=is&q=Henn%FD%20Ott%F3sson

Utanríkisráðuneytið (e.d.) Sótt 12. mars 2013 frá *Evrópumál*: http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/evropumal/

Verkamaðurinn. (1947, 31. október). (Ritstj. Þórir Daníelsson) [rafræn útgáfa] *42. tbl.* (30. árg.), bls. 2.

Þór Steinarsson. (2012). *Launamunur kynjanna hjá Reykjavíkurborg. Úttekt á fastlaunasamningum og akstursgreiðslum*. [Meistaraprófsritgerð] Sótt 10. mars 2013 frá Skemman.is: http://hdl.handle.net/1946/11096

Þorgerður Einarsdóttir. (2000). *Bryddingar um samfélagið sem mannanna verk.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson, Helga Lára Haarde, Eydís Björnsdóttir, og Ævar Þórólfsson. (2012). *Viðhorf fagfólks í hársnyrtigreinum.* Reykjavík: Maskína.

Þóra Ásgeirsdóttir, Þorlákur Karlsson, Helga Lára Haarde, Eydís Björnsdóttir, og Ævar Þórólfsson. (2012). *Viðhorf fagfólks í málm- og véltæknigreinum.* Reykjavík: Maskína.

Viðauki I – Kynningarbréf og spurningakönnun

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Könnun þessi er hluti af meistaraverkefni Ólafar Bjargar Kristjánsdóttur við Háskólann á Bifröst.

Ágæti viðtakandi

Hér á eftir fer stutt könnun sem send er til þeirra sem lokið hafa sveins og/eða meistaraprófi í kjólasaumi á árunum 1971-2011.

Könnun þessi er hluti af rannsókn sem undirrituð er að vinna að fyrir meistaraverkefni sitt, í Menningarstjórnun, við Háskólann á Bifröst. Meistaraverkefnið ber vinnuheitið „Hafa íslenskir kjólameistarar sniðið sér stakk eftir vexti?“

Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á það hvernig kjólameistarar og sveinar sem útskrifast hafa sl. 40 ár hafa nýtt nám sitt.

Könnunin er nafnlaus og fullum trúnaði er heitið. Ekki er hægt að rekja einstök svör. Svarendum ber ekki skylda til að svara könnuninni og hægt er að sleppa einstökum spurningum.

Það er þó einlæg ósk rannsakanda að þú gefir þér tíma til að svara þessari könnun. Það tekur u.þ.b. tíu mínútur, og ef einhverjar spurningar vakna þá endilega hafið samband við mig í síma 8677564 eða á netfang olofbk11@bifrost.is

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

Ólöf Björg Kristjánsdóttir,

kjólameistari.

Það eru alls 18 spurningar í þessari könnun

1. Hvert er fæðingarár þitt?

*Svar:*_____

2. Hvaða ár laukst þú sveinsprófi í kjólasaumi?

*Svar:*_____

3. Ert þú handhafi meistarabréfs?

○Já ○Nei

4. Einungis þeir sem svöruðu neitandi í spurningu 3. svara þessari spurningu. Aðrir fara beint í spurningu 5

   Hver er helsta ástæða þess að þú hefur ekki lokið meistararéttindum?

   Vinsamlegast veldu allt sem við á:

○ Ég uppfylli ekki ennþá skilyrði til að fara í Meistaraskóla

○ Ég er skráð/skráður í Meistaraskóla

○ Mér finnst ekki skipta neinu máli að hafa meistararéttindi

○ Ég er ekki starfandi í faginu

○ Ég lauk sveinsprófi fyrir 1990 en hef aldrei sótt um meistarabréf

○ Annað, Hvað?:

_____

_____

_____

5. Hver var helsta ástæða þess að þetta nám var valið?

   Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- ○ Ég hef alltaf haft gaman af því að sauma.
- ○ Ég hafði mestan áhuga á að fara í verknám.
- ○ Ég taldi atvinnumöguleika mína góða eftir þetta nám.
- ○ Mig langaði til að starfa sjálfstætt.
- ○ Ég treysti mér ekki í nám sem var eingöngu bóklegt.
- ○ Ég hugsaði þetta sem grunn fyrir frekara verk og/eða listnám.
- ○ Námið var lánshæft.
- ○ Einhver hafði mælt með þessu námi.
- ○ Annað, hvað?:

   _____

   _____

   _____

6. Þegar þú hugsar til námsára þinna hvernig myndir þú þá meta eftirtalda þætti námsins?

   1 = Mjög góð, 2 = Frekar góð, 3 = Í lagi, 4 = Frekar slök, 5 = Mjög slök

   Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	1	2	3	4	5
Verkleg kennsla í handverki. Hafðir þú næga kunnáttu til að taka að þér flest verk?	○	○	○	○	○
Kennsla í sniðagerð. Gast þú útfært snið hjálparlaust?	○	○	○	○	○
Kennsla í stærðarbreytingum sniða. Varst þú fær um að vinna við stærðarbreytingar á sniðum?	○	○	○	○	○
Bókleg kennsla. Nýttist bókleg kennsla þér við daglega vinnu?	○	○	○	○	○
Vinnustaðaþjálfun. Fékkst þú fjölbreytta þjálfun?	○	○	○	○	○

7. Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- ○ Sveinspróf
- ○ Iðnmeistararéttindi (Útgefið meistarabréf)
- ○ Stúdentspróf
- ○ Kennsluréttindanám
- ○ Háskólapróf (BA, BS, BEd eða sambærilegt)
- ○ Háskólapróf (MA, MS, MBA eða sambærilegt)
- ○ Doktorspróf
- ○ Annað: Hvað?_____

8. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með þessu námi ef einhver leitaði ráða hjá þér í dag?

   Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- ○ Mjög líklegt
- ○ Frekar líklegt
- ○ Hvorki né
- ○ Frekar ólíklegt
- ○ Mjög ólíklegt

9. Hafði hátt hlutfall kvenna í þessari fagstétt einhver áhrif á námsval þitt? Ef svo á hvern hátt?

   Svar:_____

   _____

   _____

   _____

10. Að námi loknu tel ég að atvinnumöguleikar mínir, í faginu, hafi verið:

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- ○ Mun betri en ég átti von á
- ○ Frekar betri en ég átti von á
- ○ Eins og ég átti von á
- ○ Frekar verri en ég átti von á
- ○ Mun verri en ég átti von á

11. Starfar þú við iðn þína í dag?

Athugið að fagkennsla og störf tengd iðninni teljast líka með.

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- ○ Já, ég starfa sjálfstætt við iðn mína
- ○ Já, ég starfa sem launþegi við iðn mína
- ○ Nei, ég starfa ekki við iðnina
- ○ Hvert er starfsheiti þitt í dag?:

12. Einungis þeir sem svöruðu neitandi í spurningunni hér á undan svara þessari spurningu. Aðrir fara beint í spurningu 13

Hver er ástæða þess að þú starfar ekki við iðn þína í dag?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- ○ Ég lauk öðru námi og starfa á þeim vettvangi í dag.
- ○ Öll vinna sem bauðst í þessari grein var illa launuð.
- ○ Það hefur verið erfitt að fá vinnu við iðn mína.
- ○ Af heilsufarsástæðum get ég ekki starfað við iðn mína.
- ○ Vegna búsetu minnar hef ég ekki getað starfað við iðn mína.
- ○ Ég hef lokið starfsæfi minni og er komin á eftirlaun.
- ○ Annað:Hvað?_____

_____

13. Hversu löng er vinnuvika þín að meðaltali?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- ○ 40 Klukkustundir eða meira
- ○ 35 - 39 klukkustundir
- ○ 30 - 34 klukkustundir
- ○ 25 - 29 klukkustundir
- ○ 20 - 24 klukkustundir
- ○ Minna en 20 klukkustundir
- ○ Ég er ekki í launaðri vinnu

14. Hversu lengi hefur þú starfað við iðn þína?

Athugið að fagkennsla og önnur störf sem tengjast iðninni teljast líka með.

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- ○ 0 – 5 ár
- ○ 6 – 10 ár
- ○ 11 – 15 ár
- ○ 16 – 20 ár
- ○ 21. ár eða lengur
- ○ Ég hef lokið starfsæfinni

15. Hverja telur þú helstu styrkleika þína eftir að hafa lokið þessu námi?

Svar:_____

_____

_____

_____

_____

16. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtöldum?

Svar:_____

17. Hversu mörg börn undir 18 ára aldri búa á heimili þínu?

Svar:_____

18. Hversu hátt hlutfall af heildartekjum heimilisins aflar þú?

- ○ 80 – 100%
- ○ 60 – 79%
- ○ 40 – 59%
- ○ 20 – 39%
- ○ 0 – 19%

Þá er þessari könnun lokið. Kærar þakkir fyrir að svara. Svör þín skipta mikilu máli.

Viðauki II – Viðtalsrammi og upplýsingabréf

Spurningarammi fyrir viðtöl

1. **Segðu mér aðeins frá sjálfri þér**
   a. Nafn, aldur, hvar ólst þú upp?
   b. Varst þú mikið að vinna með höndunum þegar þú varst að alast upp?
   c. Er saumahefð/handverkshefð í fjölskyldunni þinni?
   d. Telur þú að handmenntakennslan sem þú fékkst í grunnskóla hafi haft einhver áhrif á val þitt?

2. **Af hverju valdir þú að fara í þetta nám?**
   a. Hafðir þú byrjað í einhverju öðru námi áður, ef svo laukst þú því?
   b. Kom eitthvað annað til greina?
   c. Ert þú með meistararéttindi?
   d. Hefur þú lokið einhverju öðru námi, ef svo hverju?
   e. Ert þú starfandi í faginu, ef svo við hvað starfar þú?
   f. Ef ekki af hverju ekki?

3. **Hvernig hefur námið nýst þér?**
   a. Eins og þú áttir von á?
   b. Ekki nýst sem skyldi?
   c. Eitthvað óvænt kom upp sem breytti fyrri áformum?
   d. Vilt þú segja mér við hvað þú hefur starfað innan fagsins?

4. **Myndir þú velja sama nám í dag ef þú stæðir í þeim sporum?**
   a. Miðað við það námsframboð sem er í boði í dag.
   b. Miðað við atvinnuástand.
   c. Miðað við fengna reynslu.

5. **Telur þú að það þurfi að endurskoða námið á einhvern hátt, miðað við hvernig það var þegar þú varst í námi?**

a. Myndir þú vilja sjá einhverjar áherslubreytingar?
b. Verja meiri tíma í einhvern þátt með því að draga úr öðrum og þá hvaða?
c. Breyta uppbyggingu?
d. Telur þú námskröfur í samræmi við skólastig?
e. Telur þú að námið sé að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins?

6. Telur þú námið á einhvern hátt vanmetið, ef svo, útskýrðu fyrir mér hvernig?

a. Með tilliti til launa.
b. Almenningur gerir sér ekki grein fyrir því hve mikið nám þú átt að baki.
c. Vanmetið af því að þetta er kvennastétt.

7. Ert þú stolt af náminu þínu, af hverju, af hverju ekki?

8. Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

UPPLÝSINGABRÉF FYRIR VIÐTAL

HEITI RANNSÓKNARVERKEFNIS: Hafa íslenskir kjólameistarar sniðið sér stakk eftir vexti?

LÝSING Á RANNSÓKNARVERKEFNI: Þetta verkefni er rannsóknarverkefni Ólafar Bjargar Kristjánsdóttur, til MA gráðu í Menningarstjórnun, við Háskólann á Bifröst. Megin markmiðið með þessari rannsókn er að komast að því hvað orðið hefur um íslenska kjólameistara sem útskrifast hafa á síðastliðnum fjörtíu árum.

Rannsóknin er unnin af Ólöfu Björgu Kristjánsdóttur og leiðbeinandi hennar er Dr. Karl Aspelund.

Rannsakandi óskar hér með eftir leyfi þínu til að nota upplýsingar sem fram koma í þessu viðtali í ritgerð sína og jafnframt að nota beinar tilvitnanir. Viðmælandi verður ekki nafngreindur og fullum trúnaði er heitið. Vinsamlega athugið að viðmælanda er heimilt að draga sig í hlé frá rannsókninni hvenær sem er og einnig ber viðmælanda ekki skylda til að svara einstökum spurningum.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða efasemdir varðandi rannsóknina getur þú haft samband við Dr. Karl Aspelund á netfang Aspelund@etal.uri.edu

TRÚNAÐAR UPPLÝSINGAR: Upptaka og handrit verða einungis nýtt við úrvinnslu þessa viðtals og ekki aðgengileg þriðja aðila nema lög kveði svo um. Allar tilvitnanir verða nafnlausar eða nöfnum breytt þannig að upplýsingar verða órekjanlegar.

SAMÞYKKI: Ég staðfesti hér með að ég leyfi Ólöfu Björgu Kristjánsdóttur að nýta þær niðurstöður sem fram koma í þessu viðtali í verkefni sitt, án þess að ég verði nafngreind. Ég hef lesið og skil þær upplýsingar sem fram komu hér að ofan og tek sjálfviljug þátt í þessu rannsóknarverkefni: *Hafa íslenskir kjólameistarar sniðið sér stakk eftir vexti?*

NAFN VIÐMÆLANDA:_____

UNDIRSKRIFT VIÐMÆLANDA:_____

NETFANG OG SÍMI:_____

DAGSETNING:_____

UNDIRSKRIFT RANNSAKANDA:_____

Hægt er að ná til rannsakanda í netfang olofbk11@bifrost.is eða hringja í síma 8677564